Íþróttafélag Reykjavíkur
Stofnað 1907

Starfsskýrsla 2021-2022
og ársreikningur fyrir starfsárið 2021

Efnisyfirlit

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 6
Starfsárið 2021 – 2022 6
ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR 9
FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR 11
Skýrsla stjórnar starfsárið 2021 - 2022 11
HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR 19
Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeildar ÍR fyrir keppnistímabilið 2021 – 2022. 19
JÚDÓDEILD ÍÞRÓTTAFÉLAGS 21
Ársskýrsla 2021 21
Karateideild ÍR 26
Ársskýrsla 2021 - 2022 26
KEILUDEILD ÍR 28
Ársskýrsla fyrir starfsárið 2021 28
KNATTSPYRNUDEILD ÍR 33
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR 38
SKÍÐADEILD ÍR 41
TAEKWONDODEILD ÍR 42
MAGNÚSARSJÓÐUR MENNTUNAR-OG AFREKSSJÓÐUR ÍR 45
LÖG ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR 51
Ársreikningur ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2021 57

Ávarp formanns ÍR

Þetta fyrsta ár mitt sem formaður ÍR hefur verið gríðarlega skemmtilegur og lærdómsríkur tími og vill ég þakka því góða fólki sem valdist með mér í stjórn fyrir gott ár. Þá vil ég einnig þakka starfsmönnum ÍR, sem hafa haldið í höndina á mér og aðstoðað mig eftir þörfum því það tekur tíma að komast inni rekstur og umhverfi félagsins.

Þó svo að margt sé nýtt fyrir mér eftir að hafa tekið við sem formaður ÍR þá er þetta nú ekki mitt fyrsta hlutverk í íþróttastarfi. Ég byrjaði að stunda handknattleik 15 ára og hef verið í ÍR síðan, ég hef spilað, dæmt, þjálfað, setið í barna- og unglingaráði og stjórn handknattleiksdeildar ÍR. Hef verið formaður mótanefndar Handknattleikssambands Íslands og setið þar í stjórn í 9 ár með hléum. Starfaði hjá Handknattleikssambandinu í 7 ár og í framhaldi af því starfaði ég hjá Íþróttasambandi Íslands í 4 ár og hef verið þar í nefndum með hléum síðustu 20 ár.

Síðustu 2 ár hafa verið mjög erfið bæði félagslega og rekstrarlega vegna heimsfaraldurs en á þessu ári var loksins allt að fara í gang og núna síðustu mánuði eru engar takmarkanir. Ég verð að segja að það kom mér skemmtilega á óvart hversu mikil starfsemi er í félaginu, meira að segja þegar það voru takmarkanir. Félagið er mun stærra en ég hélt og er gríðarlega umsvifamikið. Félagið heldur utan um rekstur á þremur íþróttahúsum í hverfinu, fjölnota knatthúsi með frjálsíþróttaaðstöðu, lyftingaraðstöðu, skrifstofu, frjálsíþróttavelli, vallarsvæði og svo eru framkvæmdir á nýju parkethúsi í Skógarseli á lokametrunum. Það eru um 20 starfsmenn í vinnu hjá félaginu, hvorki meira né minna, og þá erum við ekki að tala um þjálfara og aðra starfsmenn deilda. Þannig það þarf að halda vel á spilunum til að þetta gangi upp rekstrarlega.

Það er áhyggjuefni hvað sjálfboðaliðum í íþróttastarfi fer fækkandi og það er að verða erfiðara og erfiðara að manna stjórnir og ráð sem nauðsynlegt er að skipa í svo hægt sé að halda uppi eðlilegri starfsemi. Þá virðast foreldrar líta svo á að íþróttaiðkun barna sé bara eins og hver önnur kaup á þjónustu og þeirra hlutverki ljúki þegar búið er að greiða æfingagjöldin. Það er bara ekki þannig vegna þess að það er gríðarlega mikil vinna sem þarf að inna af hendi í kringum barna og unglingastarf. Það þarf fjöldann allan af sjálfboðaliðum í hlutverk fararstjóra, ritara, tímaverða, dómara, línuverða o.s.frv. og þegar haldin eru mót þá þarf enn þá fleiri til og svo má ekki gleyma félagslega þættinum það þarf að sinna honum líka. Við ÍR-ingar erum þó það lánsamir að eiga öflugan hóp sjálfboðaliða sem er tilbúinn að koma og aðstoða þegar þarf. Það er ástæða til að þakka þessum fríða hópi fyrir það óeigingjarna starf sem hann vinnur fyrir félagið.

Reksturinn á síðasta ári gekk mjög vel. Aðalstjórn ÍR skilaði rekstrarafgangi og flestar deildir félagsins voru reknar með hagnaði sem er vel gert á þessum erfiðu tímum. Ég treysti því að þó svo að rekstrarumhverfið sé að færast í eðlilegt horf eftir heimsfaraldur haldi menn áfram að vera skynsamlegir í rekstri, því það er mjög auðvelt að fara fram úr sér og sagan segir okkur að sú hætta sé alltaf til staðar. Bæði hér og annars staðar.

Það stendur til að vígja frjálsíþróttavöllinn okkar í vor og stefnt er að því að halda glæsilegt vígslumót í lok maí þar sem tveir af bestu kringlukösturum heims, Daniel Ståhl og Simon Pettersson, munu mæta til leiks. Þeir eru þjálfaðir af Vésteini Hafsteinssyni og enduðu í tveimur efstu sætunum á síðustu Ólympíuleikum. Það er frábært að fá slíka íþróttamenn til að opna völlinn.

Þá er skammt stórra högga á milli, því stefnt er að því að parkethúsið verði opnað til æfinga 1. ágúst og það er mjög gott útlit fyrir því að það takist. Það breytir okkar svæði gríðarlega en þá erum við komin með bróðurpartinn af okkar starfi í Skógarselið. Húsið er mjög glæsilegt í alla staði og hægt að skipta því upp á alla kanta þar sem til staðar eru fimm tjöld til að skipta salnum upp og hægt að vera með allt að þrjá æfingasali í einu

Eins og fram hefur komið þá hefur á síðustu 5 árum orðið stórkostleg breyting á okkar aðstöðu og höfum við ekki látið staðar numið nema síður sé. Borgarstjóri Reykjavíkur kom til fundar við okkur ÍR-inga í byrjun mars og þá var lögð áhersla á mikilvægi þess að bæta aðstöðu fyrir keilu, fimleika og varnaríþróttir hjá félaginu. Umræður áttur sér stað um fimleika- og varnaríþróttahús ásamt því að lagt var til að uppbygging á keilusal muni eiga sér stað á svæði ÍR í Skógarseli. Borgarstjóri tók mjög vel í þessa tillögu og hefur félagið í beinu framhaldi fundað með ÍTR til að ræða mögulega uppbyggingu á keilusal. Nú er verið að kostnaðarmetaframkvæmdirnar og leggja mat á hvort rekstur slíks mannvirkis yrði hagkvæmt fyrir borgina auk þess sem Reykjavíkurborg er búin að áætla fjármagn í slíkt verkefni. Meira en 50% af keiluiðkendum í Reykjavík stunda íþróttina undir merkjum ÍR en keiludeild ÍR ásamt öðrum keiludeildum borgarinnar hafa lýst yfir áhuga á að nýr keilusalur verði byggður upp í Breiðholti sem muni þjónusta alla borgina. Uppbygging slíks mannvirkis í Skógarseli yrði mikill hvalreki fyrir félagið auk þess sem það yrði reist í formi tengibyggingar á milli ÍR heimilis og annarra bygginga á svæðinu sem myndi hafa mýmarga kosti í för með sér. Ég ætla mér að vera bjartsýnn varðandi frekari framtíðaruppbyggingu á athafnasvæði ÍR í Skógarseli og skiptir engu máli hvaða augum ég lít á málið,ég er þess fullviss að allir hagsmunaaðilar muni njóta góðs af og vel það.

Áfram ÍR.

Vigfús Þorsteinsson (Fúsi), formaður ÍR.

Skýrsla Aðalstjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur

Starfsárið 2021 – 2022

Aðalstjórn og starfsemi

Aðalfundur ÍR var haldinn 10. júní 2021 í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12. Kosið var í aðalstjórn sem hér segir: Vigfús Þorsteinsson, formaður, aðrir meðlimir í aðalstjórn eru Lísa Björg Ingvarsdóttir, Hlynur Elísson, Auður Sólrún Ólafsdóttir, Ólafur Gylfason, Guðmundur Óli Björgvinsson og Lilja María Norðfjörð. Allir stjórnarmenn nema Lísa Björg komu nýir inn í stjórn félagsins en frávarandi stjórn hafði starfað óbreytt í tvö starfsár og lét Ingigerður Guðmundsdóttir af störfum sem formaður félagsins eftir átta ára stjórnsetu og þar af sex ár sem formaður félagsins.

Stjórn skiptir með sér verkum þannig að Lísa Björg Ingvarsdóttir er varaformaður, Hlynur Elísson gjaldkeri og Auður Sólrún Ólafsdóttir ritari. Ólafur Gylfason, Guðmundur Óli Björgvinsson og Lilja María Norðfjörð eru meðstjórnendur. Ómar Kristjánsson frá KPMG er endurskoðandi félagsins. Á starfstíma stjórnar á liðnu starfsári voru haldnir 15 bókaðir stjórnarfundir.

STARFSFÓLK ÍR

Á liðnu starfsári störfuðu eftirfarandi starfsmenn hjá félaginu í Skógarseli: Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri fram í apríl 2022 en fór þá í barneignarleyfi. Eyjólfur Örn Snjólfsson tók þá við sem framkvæmdastjóri félagsins.

Ísleifur Gissurarson gegndi stöðu íþróttastjóra fram til janúar 2022. Bjarki Stefánsson tók við stöðu íþróttastjóra hjá félaginu í febrúar 2022. Brynja Guðmundsdóttir gegndi stöðu innheimtufulltrúa fram til janúar 2022. Kristín Jóhannsdóttir gegnir stöðu bókara, Jakob Hallgeirsson gegnir stöðu rekstrarstjóra mannvirkja og Kristinn Bjarnason gegnir stöðu vallarstjóra.

Auk þessara starfsmanna starfaði í fullu starfi fólk við húsvörslu í öllum íþróttahúsum félagsins sem eru ÍR-heimilið í Skógarseli, Fjölnotahús í Skógarseli, íþróttahúsið við Austurberg og íþróttahús Breiðholtsskóla og Seljaskóla.

Starfsmenn íþróttahúsa ÍR:

Austurberg: Emir Dervic, Oddný H. Helgadóttir og Vilhjálmur Ólafsson.
Breiðholtsskóli: Björn Þorláksson, Salma Becic og Valdimar Stefán Hólmsteinsson.
ÍR-heimili og fjölnotahús: Guðjón Helgi Guðjónsson og Þorri Þorvaldsson. Ásamt þeim störfuðu Glícia Oliveira, Svanur Fannar Valentínusson og Selma Becic í hlutastarfi í fjölnotahúsi.

Seljaskóli: Elísabet Benediktsdóttir, Zdravko Boloban, Svanur Fannar Valentínusson lét af störfum í september 2021 og Montaser M S Abuhassira hóf störf í september 2021.

Einnig störfuðu á annað hundrað manns við þjálfun hjá deildum, við sumarstörf á völlum og sumarnámskeiði félagsins.

Auk starfsmanna félagsins starfaði á vegum deildanna mikill fjöldi sjálfboðaliða í margvíslegum verkefnum fyrir félagið. Starfsemi félagsins byggist á sjálfboðaliðastarfi sem er undirstaða félagsins og grundvöllur fyrir því að halda úti þróttmiklu íþróttastarfi. Nánast öll störf innan deilda ÍR eru leyst af sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar sinna allri stjórnsetu og skipa nefndir innan deilda félagsins. Einnig sjá sjálfboðaliðar um mótahald og önnur verkefni sem falla til og sérsambönd gera kröfur um. Sjálfboðaliðar eru því hjartað í félaginu

FUNDIR MEÐ DEILDUM OG AÐALFUNDIR DEILDA

Fundur formanna og gjaldkera fór fram þann 2. nóvember 2021. Á fundinum var farið yfir ýmis atriði er snú að félaginu líkt og fyrirkomulag bókhalds, skráningu og innheimtu, mannvirki og rekstur þeirra og nýting, ásamt ýmsum málefnum innan íþróttahreyfingarinnar líkt og siðamál. Á fundinum var einnig óskað eftir ábendingum frá fulltrúum deilda um hvað verkefni skrifstofa á að sinna. Markmiðið er að nýta ábendingar við að bæta starfsemi skrifstofu og auka skilning á þörfum deilda.

Húsanefnd félagsins hittist einu sinnum í byrjun árs 2021 þar sem skipulag svæðis í kringum fjölnotahús var tekið til umræðu. Í nefndinni sitja fulltrúar stærstu deildanna, þ.e. frjálsra íþrótta, knattspyrnu, handbolta og körfubolta ásamt formanni Aðalstjórnar og rekstrarstjóra mannvirkja. Þau voru: Ingigerður Guðmundsdóttir, Runólfur Sveinsson, Margrét Héðinsdóttir, Hlynur Elísson, Elvar Guðmundsson, Sturla Ásgeirsson og Jakob Hallgeirsson.

Á starfsárinu var stofnuð ný nefnd, Skipulags- og mannvirkjanefnd ÍR. Nefndinni er ætlað að taka við af Húsanefnd og er hún undirnefnd aðalstjórnar. Skipulags- og mannvirkjanefnd ÍR fjallar um mannvirki ÍR og heildarskipulag á svæði ÍR. Nefndin er skipuð fjórum til sex aðilum, auk formanns. Fjórir aðalmenn nefndarinnar koma úr stærstu deildum félagsins sem nú eru knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, körfuknattleiksdeild og frjálsíþróttadeild auk eins nefndarmanns sem gæta á hagsmuna félagsins í heild þar með talið minni deilda. Rekstrarstjóri félagsins er hluti af nefndinni. Nefndin fundaði 3 sinnum á starfstímabilinu. Nefndin var skipuð sem hér segir: Ingigerði Guðmundsdóttir, formaður, Jakob Hallgeirsson, rekstrarstjóri mannvirkja, Runólfur Sveinsson, Bjarni Fritzson, Magnús Þór Jónsson, Rúnar Gísli Valdimarsson og Ísak Máni Wíum.

Aðalfundir deilda ÍR voru haldnir á tímabilinu 22. mars til 4. apríl 2022.

REKSTUR FÉLAGSINS OG DEILDA

Aftur var nýliðið rekstrarár óvenjulegt sökum heimsfaraldursins sem geysað hefur frá í mars 2020. Starfsemi félagsins og allra deilda hefur litast verulega af þessu eins og samfélagið allt. Sóttvarnaaðgerðir og samkomutakmarkanir hafa haft áhrif á íþróttastarf félagsins. Deildir félagsins hafa þurft að aflýsa ýmsum viðburðum og mótahaldi ásamt því að aðlaga sig að ýmsum breytingum sem faraldurinn hefur haft í för með sér. Rekstarumhverfi íþróttahreyfingarinnar hefur því ekki verið auðvelt en þjálfara, sjálfboðaliðar og starfsfólk félagsins hefur lagt sitt að mörkum við að halda íþróttastarfinu gangandi og að leita leiða til að tryggja rekstrargrundvöll.

REKSTUR ÍÞRÓTTAHÚSA OG VALLA

ÍR sér um rekstur þriggja íþróttahúsa, Austurbergs, Seljaskóla og Breiðholtsskóla auka mannvirkja og valla í Skógaseli. Þar eru ÍR-heimilið, fjölnotahús ÍR, vallarhús frjálsíþróttavallar ÍR auka gervigrass og grassvæða. Í vor mun nýr frjálsíþróttavöllur verða tekinn í notkun og næsta haust munu bæði handknattleiksdeild og körfuknattleiksdeild ÍR flytja stóran part af sinni starfsemi í Skógarselið þegar patkethúsið verður tekið í notkun. Þar að auki er í húsinu stór og mikill lyftingasalur sem er vel nýttur og þar er gaman að sjá þegar íþróttafólk úr mismunandi deildum æfir saman undir sama þaki en það hefur ekki sést í lengri tíma.

Rekstur íþróttahúsanna gengur eftir atvikum vel og er nýting þeirra sérlega góð. Rekstur nýs fjölnotahús hefur gengið mjög vel og húsið heldur betur hjálpað okkur í gegnum þennan snjóþunga og erfiða vetur.

IÐKENDUR OG ÆFINGAGJÖLD

Skráðir iðkendur árið 2021 voru 2.037 í þeim tíu íþróttagreinum sem félagið býður upp á.

Skráður iðkendafjöldi var sem hér segir:

Fimleikar 100
Frjálsíþróttir 331
Handknattleikur 279
Júdó 17
Karate 59
Keila 198
Knattspyrna 591
Körfubolti 329
Skíði 54
Taekwondo 79

Að auki var eftirfarandi starfsemi í gangi á vegum aðalstjórnar ÍR:

- Um 260 börn tóku þátt í íþróttaverkefni ÍR og leikskólanna í Breiðholti

- 180 börn tóku þátt í Íþróttaskóla ÍR 2-5 ára.

- 192 börn tóku þátt í Sumargamni ÍR, sumarnámskeið 6-9 ára barna.

- Á bilinu 60-65 eldri borgarar mæta tvisvar í viku í verkefnið „Hreyfing eldri borgara“.

SUMARNÁMSKEIÐ ÍR

Sumarnámskeið á vegum aðalstjórnar ÍR var rekið með sambærilegum hætti árið 2021 og verið hefur undanfarin ár. Námskeiðið heitir ,,Sumargaman ÍR" og samanstóð af sex vikulöngum námskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Umsjónarmenn sjá um að viðhalda fjölbreytttri dagskrá þar sem farið er í ýmsar vettvangsferðir um höfuðborgarsvæðið ásamt því að leika og stunda íþróttir á ÍRsvæðinu. Einnig standa deildir félagsins fyrir ýmsu sumarstarfi en árið 2021 var knattspyrnudeild og með námskeið í sínum greinum.

ÞORRABLÓT ÍR 2021

Vegna Covid-19 var Þorrablót ÍR ekki haldið þetta árið. Vonir standa til að hægt verði að halda blótið árið 2023 með hefðbundnu sniði.

ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA ÍR

PARKETHÚS ÍR

Nú í haust verður tekið í notkun nýtt og glæsilegt parkethús sem á eftir að gjörbylta aðstöðunni fyrir ÍR. Húsið mun taka við hlutverki keppnishúss handbolta og körfubolta í meistaraflokkum ásamt því að verða æfinga- og íþróttamiðstöð yngri iðkenda í fleiri greinum.

Íþróttahúsið samanstendur af íþróttasal með parketi og hliðarbyggingu, samanlagt um 4180m2. Íþróttasalur er um 2380m2 að innanmáli með svölum hringinn og hliðarbygging er á tveimur hæðum með ýmsum fylgirýmum. Íþróttasalur er fyrir keppni í handbolta og körfubolta, með útdraganlegum áhorfendabekkjum fyrir 800 áhorfendur í sætum.

Með tveimur uppdraganlegum skiptitjöldum verður hægt að skipta salnum niður í tvo mistóra eða þrjá jafnstóra hluta til æfinga. Miðað er við að hægt verði að halda stóra samkomu í íþróttasalnum þar sem er borinn fram matur fyrir um 1000 manns í sætum.

Á efri hæð hússins er stór forsalur með afgreiðslu, mögulegri veitingasölu, starfsmannaaðstöðu ásamt snyrtingum, geymslu og tæknirými. Frá forsal er innsýn um glugga að íþróttasal og frá honum er einnig útsýni um stóra glugga sem snúa að knattspyrnuvöllum/útisvæðum norðvestan hússins.

Á neðri hæð hliðarbyggingar norðvestur eru búningsherbergi með snyrtingum og sturtu- og þurrkaðstöðu, tvö og tvö fatarými fyrir hverja sturtu-/þurrkeiningu. Á hæðinni eru einnig búningsherbergi kennara/dómara með fataskipta-, snyrti- og sturtuaðstöðu.

Húsið byggist upp að og tengist nýbyggðu fjölnotahúsi ÍR og verður ýmis aðstaða samnýtt milli húsanna, svo sem snyrtingar, starfsmannaaðstaða, þvottahús og fleira. Stigi og lyfta í fjölnotahúsi þjóna einnig parkethúsinu.

FJÖLNOTAHÚS ÍR

Eins og allir vita að þá hefur þessi vetur verið ansi erfiður veðurfarslega og mikil snjóþyngsli og stöðugar lægðir sett strik í reikninginn hjá mörgum félögum til að halda

úti sínum æfingum. Fjölnotahúsið hefur gert það að verkum að það telst til undantekninga ef það þarf að fella niður æfingar.

Það liggur í hlutarins eðli að það eru knattspyrnu – og frjálsíþróttadeild sem nýta gervigras og tartanið að stærstum hluta en einnig hefur skíðadeildin verið duglega að nýta sér þessi svæði þegar lokað hefur verið í fjallinu ásamt því að aðrar deildir hafa nýtt sér aðstöðuna fyrir sínar æfingar.

Allar deildir sameinast svo í lyftingasalnum, sem hefur verið gríðarlega vel sóttur frá því að hann var opnaður. Við gátum bætt við nokkuð af áhöldum síðastliðið vor og það er stefna félagsins að bæta gæðabúnaði jafnt og þétt í rýmið.

FRJÁLSÍÞRÓTTAVÖLLUR ÍR

Það hefur verið erfið fæðing að koma nýjum frjálsíþróttavelli í gagnið en nú sér loksins fyrir endann á því og stefnt er að hefja starfsemi á vellinum um miðjan maí.

Völlurinn er hinn glæsilegasti með 8 brautum fyrir 100m spretthlaup og 110m grindahlaup. Sex brautir eru fyrir langhlaup, þar af eru tvær innstu brautirnar upphitaðar sem gerir iðkendum, sem og skokkurum úr hverfinu, kleift að hlaupa við frábærar aðstæður að vetrarlagi.

Hægt er að stunda hástökk, kúluvarp og spjótkast á tveimur svæðum. Kastplattar fyrir kúluvarp og sleggju- og kringlukast eru upphitaðir.

Vatnsgryfja fyrir hindrunarhlaup er að vestanverðu og stangarstökk, langstökk og þrístökk er staðsett milli grassvæðis og hlaupabrautar næst vallarhúsi.

Umhverfis völlinn liggur 3m breið upphitunarbraut með gervigrasi.

Við völlinn stendur glæsilegt vallarhús með stórum geymslum, salernum, fundarherbergi, veitingasölu og tímatökuherbergi.

Þessi völlur mun gerbreyta aðstöðunni fyrir okkar frjálsíþróttafólk sem hefur æft í langan tíma við frekar daprar aðstæður í Laugardal.

SAMSTARFSSAMNINGAR OG STYRKIR

MAGNÚSARSJÓÐUR

Árið 2021 var ekki úthlutað úr Magnúsarsjóði ÍR vegna aðstæðna en lítið var um verkefni íþróttafólks á því ári eins og árið 2020.

31. VERÐLAUNAHÁTÍÐ ÍR

Verðlauna hátíð ÍR var haldin með hefðbundnu sniði þann 20. desember. Eftir rafræna hátíð ársins 2020 var hægt að halda hátíðina með eins hefðbundnu sniði og reglur leyfðu. Íþróttafólk félagsins var þar heiðrað ásamt því að valin voru íþróttakona og íþróttakarl ÍR fyrir árið 2020. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi þáttöku í sjálfboðastarfi fyrir félagið en veitt voru

Tilnefningar deilda til íþróttakonu og íþróttakarls ÍR árið 2020:

Frjálsíþróttakarl ÍR: Guðni Valur Guðnason

Frjálsíþróttakona ÍR: Karen Ösp Guðbjartsdóttir
Handknattleikskarl ÍR: Viktor Sigurðsson
Handknattleikskona ÍR: Margrét Valdimarsdóttir
Júdókarl ÍR: Matthías Stefánsson
Júdókona ÍR: Sabrína Heiður Ragnheiðardóttir
Keilukarl ÍR: Hafþór Harðarson
Keilukona ÍR: Ástrós Pétursdóttir
Knattspyrnukarl ÍR: Reynir Haraldsson
Knattspyrnukona ÍR: Anja Íris Brown
Körfuknattleikskarl ÍR: Collin Pryor
Körfuknattleikskona ÍR: Sólrún Sæmundsóttir
skíðadeild: Sigríður Dröfn Auðundsóttir
Taekwondokarl ÍR: Sveinn Logi Birgisson
Taekwondokona ÍR: Anna Suryati Tjhin

Úr hópi tilnefndra íþróttamanna þóttu Guðni Valur Guðnason og Sigríður Dröfn Auðunsdóttir skara fram úr og hlutu þar með titil sem íþróttakarl og íþróttakona ÍR árið 2021. Guðni Valur vann til sömu verðlauna árið 2020.

GUÐNI VALUR GUÐNASON, ÍÞRÓTTAKARL ÍR 2021

Guðni Valur Guðnason keppti á Ólympíuleikunum í Tókyó í ár. Guðni kastaði kringlunni 65,39m í ár og er það stigahæsta frjálsíþróttaafrek Íslendings 2021. Guðni náði í öðru sæti á vetrarkastmót Evrópu í Split, Króatíu. Guðni Valur er Íslandsmeistari í kringlukasti og kúluvarpi innanhúss 2021. Guðni Valur er í 33 sæti á heimslista Alþjóða frjálsíþróttasambandsins í kringlukasti og 20 sæti á Evrópu listanum. Hann bætti einnig árangur sinn í kúluvarpi á árinu 2021 og var með lengsta kast ársins á Íslandi í kúluvarpi 18,81m.

Guðni Valur er efstur íslenskra karla á heimsstigalista alþjóða frjálsíþróttasambandsins yfir árangur á mótum 2021 og var fyrirliði landsliðsins í Evrópubikarnum í Búlgaríu

SIGRÍÐUR DRÖFN AUÐUNSDÓTTIR, ÍÞRÓTTAKONA ÍR 2021

Sigríður Dröfn keppti í svigi og stórsvigi á HM í Cortina á Ítalíu í febrúar**.** Hún varð Reykjavíkurmeistari í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni en Sigríður varð einnig bikarmeistari SKÍ og Íslandsmeistari í svigi og önnur í stórsvigi.

FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD ÍR

Skýrsla stjórnar starfsárið 2021 - 2022

AÐALFUNDUR OG SKIPAN STJÓRNAR

Aðalfundur frjálsíþróttadeildar ÍR var haldinn í Laugardalshöll 11. maí 2021. Rúnar G. Valdimarsson var kjörinn formaður, önnur í stjórn voru kjörin Ása Kristjánsdóttir, Ásta Ósk Stefánsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir umsjónarmaður fimleika, Haraldur Úlfarsson varaformaður, Jökull Úlfarsson og Kristín Birna Ólafsdóttir.

ÆFINGAR OG ÚTBREIÐSLA

Á árinu var fjöldi skráðra einstaklinga í deildinni er 355.

Þessir einstaklingar skiptast sem hér segir:

Frjálsar íþróttir um 260 iðkendur.

Fimleikar og parkour um 55 iðkendur.

Skokkhópur um 40 iðkendur.

Í frjálsíþróttum var boðið upp á æfingar fyrir iðkendur 14 ára og yngri í Breiðholti yfir vetrartímann, alls fjóra æfingahópa. Því miður var nýr frjálsíþróttavöllur ekki tekinn í notkun á ÍR svæðinu í Mjódd í fyrra eins og vonir stóðu til og þar af leiðandi hefur frestast að bjóða uppá sumaræfingar þar.

Í Laugardal var boðið upp á æfingar fyrir alla aldurshópa. Yfir vetrartímann var æft í Laugardals-höll en í Laugar-dalnum um sumarið. Sú ný-breytni var gerð að bjóða iðkendum 10 ára og yngri uppá sumaræfingar í Laugardal en því miður voru fá börn sem nýttu það.

Eins og áður hafa nokkrir íþróttamenn annarra félaga æft með deildinni og þá einkum að vetrarlagi.

Skokkhópurinn hélt úti æfingum frá ÍR heimilinu í Skógarseli.

Í fimleikum var boðið upp á æfingar fyrir grunnhópinn (6-9 ára) þrisvar í viku á vorönn en var fækkað niður í tvö skipti á viku á haustönn, æfingar eru í Breiðholtsskóla. Framhaldshópurinn (10-12 ára) æfði áfram þrisvar í viku, þar af vikulega í Fylkishöllinni. Æfingar voru færðar fram um 1,5 klst á sunnudögum til að mæta óskum foreldra en margir hverjir vilja helst ekki hafa æfingar á helgardögum. Keppnishópur (sem aðeins keppti á einu móti á vorönn, ekkert á haustönn vegna covid) æfir eins og

framhaldshópur en við bætast dansæfingar tvisvar í viku í Breiðholsskóla og í ÍR heimili. Parkouræfingar voru einu sinni í viku á vorönn í en var breytt í 2 æfingar á viku þar sem viðbótar æfingadagur fékkst í Breiðholtsskóla.

Boðið var upp á stutt sumarnámskeið annað í júní og hitt í ágúst, bæði í parkour og fimleikum. Ætlunin er að bjóða upp á slíkt námskeið aftur í sumar.

ÞJÁLFARAR

Óðinn Björn Þorsteinsson var yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar og hefur einnig verið með umsjón með yngri flokkum eftir fráfall Brynjars Gunnarssonar síðastliðið vor. Líkt og áður er áhersla lögð á að þjálfarahópurinn sé skipaður menntuðum íþróttafræðingum og reynslumiklu fólki en þeim til aðstoðar hafa verið yngri þjálfarar sem hafa flestir æft frjálsar íþróttir árum saman hjá deildinni.

Þjálfarar yngri flokka 2020

Eftirtaldir þjálfarar að störfum fyrir deildina í mismiklum mæli: Andri Már Hannesson, Ásta Margrét Einarsdóttir, Bergur Ingi Pétursson, Brynjar Gunnarsson, Elísabet Rut Rúnarsdóttir, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, Gunnar Páll Jóakimsson, Helga Margrét Haraldsdóttir, Helgi Björnsson, Óðinn Björn Þorsteinsson og Reynir Zoëga auk fjölda aðstoðarþjálfara.

Þjálfarar meistaraflokks 2021

Bergur Ingi Pétursson, Brynjar Gunnarsson, Einar Þór Einarsson, Einar Vilhjálmsson, Gunnar Páll Jóakimsson, Jón Oddsson, Mark W. Johnson, Marta Ernstdóttir, Pétur Guðmundsson og Þórdís Gísladóttir.

Fimleikar

Fríða Rún Þórðardóttir hafði umsjón með fimleikunum líkt og undanfarin ár. Þjálfarar deildarinnar voru Alberto Marcano, Elíana Sigurjónsdóttir (afleysingar), Elvira Ginijantulina, Guðrún Jóna Sturludóttir, Sóley Birta Hjartardóttir, Robert Bentia og Viktoría Helgadóttir. Alberto kom inn sem þjálfari í parkour en hætti á miðjum vetri og við tóku Elvira og Guðrún Jóna. Aðrir þjálfa fimleika en 1-2 þjálfara eru að þjálfa hverja æfingu og er viðmiðið það sama og í frjálsum, 1 þjálfari á hverja 10 iðkendur.

3 þjálfarar, Sóley Birta, Robert og Elvira, sóttu námskeið fimleikasambandsins.

ÍR skokk

Valur Þór Kristjánsson sá um þjálfun skokkhópsins.

ÁRANGUR Í KEPPNI

Meistaramót Íslands

ÍR-ingar sigruðu í heildarstigakeppninni á meistaramótinu í frjálsíþróttum innanhúss, en mótið var haldið í Laugardalshöll. ÍR sigraði einnig í kvenna- og karlaflokki. Alls hlutu ÍR-ingar 27 verðlaun; 12 gull, 7 silfur og 8 brons.

ÍR sigraði á MÍ 15 – 22 ára innanhús sem fór fram í Reykjavík. Alls hlaut liðið 367,5 stig og 65 verðlaunapeninga, þar af 30 gullverðlaun, 20 silfur og 15 brons.

ÍR hafnaði í þriðja sæti í heildarstigakeppninni á Meistaramóti Íslands innanhúss 11 – 14 ára. ÍR sigraði í piltaflokki 11 ára og stúlknaflokki 14 ára. Alls unnu ÍR-ingar 21 verðlaun; 6 gull, 7 silfur og 8 brons.

ÍR vann þrefaldan sigur á Íslandsmeistaramótinu á Akureyri. ÍR sigraði í kvenna-flokki, karlaflokki og samanlagt. Alls unnu ÍR-ingar 37 verðlaun; 13 gull, 13 silfur og 11 brons.

ÍR hafnaði í öðru sæti í heildarstigakeppninni á Meistaramóti Íslands utanhúss 15-22 ára sem haldið var á Selfossi. ÍR sigraði í pilta- og stúlknaflokki 18-19 ára og 20-22 ára. Alls hlutu ÍR-ingar 66 verðlaun; 35 gull, 22 silfur og 9 brons.

ÍR hafnaði í þriðja sæti í heildarstigakeppninni á Meistaramóti Íslands utanhúss 11 – 14 ára sem haldið var á Egilsstöðum. ÍR sigraði í stúlknaflokki 13 ára. Alls hlutu ÍR-ingar 23 verðlaun; 4 gull, 13 silfur og 6 brons.

Bikarkeppnir FRÍ

ÍR hafnaði í öðru sæti í Bikarkeppni FRÍ í frjálsum íþróttum utanhúss á eftir FH eftir mikla keppni við FH.

Í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri lenti ÍR í 5. sæti utanhúss.

Bikarkeppnir innanhúss voru felldar niður vegna samkomutakmarkana á Covidtímum.

Norðurlandamót

Á Norðurlandamóti í víðavangshlaupum átti ÍR alla fjóra fulltrúana sem kepptu á mótinu. Í fullorðinsflokki kepptu Andrea Kolbeinsdóttir sem varð 14. og Hlynur Ólason náði því miður ekki að ljúka keppni við erfiðar aðstæður. Í öldungaflokki kepptu Fríða Rún Þórðardóttir og Þórólfur Ingi Þórsson. Fríða Rún sigraði í flokki 50 – 54 ára auk þess sem hún sigraði í heildar-keppni 30 – 65 ára, Þórólfur sigraði í aldursflokki 40 – 45 ára.

Evrópumót

Evrópubikarkeppni í köstum fór fram í Split í Króatíu, þar varð Guðni Valur Guðnason annar í kringlukasti og Elísabet Rut Rúnarsdóttir varð áttunda í sleggjukasti í U23 ára

flokki.

Í Evrópubikarkeppni í 10.000 m hlaupi varð Hlynur Andrésson fjórtándi.

Á Evrópumeistaramóti U23 varð Erna Sóley Gunnarsdóttir í 9 sæti í kúluvarpi. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir keppti í 200 m hlaupi og Tiana Ósk Whitworth keppti í 100 m hlaupi en þær náðu ekki í úrslitahlaupin.

Á Evrópumeistaramóti U20 lenti Elísabet Rut Rúnarsdóttir 7. sæti í sleggjukasti.

Heimsmeistaramót

Á Heimsmeistaramóti U20 lenti Elísabet Rut Rúnarsdóttir sleggjukastari í fjórða sæti.

Ólympíuleikar

Guðni Valur Guðnason var eini fulltrúi Íslands í frjálsum íþróttum á Ólympíuleikunum sem fram fóru í Japan ári seinna en áætlað var þar sem hann tók þátt í undankeppni kringlukastsins en komst því miður ekki áframHeimsmeistaramóti U20 lenti Elísabet Rut Rúnarsdóttir sleggjukastari í fjórða sæti.

Fimleikar

Keppt var á æfingamóti í Gróttu í 27. og 28. febrúar í stökkfimi, 4. flokkur (2012, 2011, 2010) og í stökkfimi og hópfimleikum 22. – 23. maí í Stjörnunni (Íslandsmót) og 29.-30. maí í Fjölni (Vormót) 4. og 5. flokkur (2013, 2012). 5. Flokkur mix (stúlkur og drengir) kepptu á Akranesi í Íslandsmóti í stökkfimi og fengu þau verðlaun fyrir 1. sætið.

Haustönnin var nokkuð slitrótt vegna Covid og var nokkuð um brottfall.

Íslandsmet á árinu

Elísabet Rut Rúnarsdóttir	Sleggjukast	64,39 m
Erna Sóley Gunnarsdóttir	Kúluvarp (4 kg) utanhúss	16,77 m (tvíbætti metið)
	Kúluvarp (4 kg) innanhúss	16,95 m
Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir	60 m hlaup innanhúss	7,46 sekúndur
Hlynur Andrésson	3.000 m hlaup utanhúss	7:54,72 mínútur (tvíbætti metið)
	5.000 m hlaup utanhúss	13:41,06 mínútur (tvíbætti metið)
	Maraþon	2:13:37 klukkustundir

Auk þessa settu iðkendur ÍR átta aldursflokkameta á árinu 2021.

LANDSLIÐ, ÚRVALS- OG STÓRMÓTAHÓPUR FRÍ

Landslið

Í Evrópubikarkeppni landsliða þar sem Ísland hélt sæti sínu í 2. deild átti ÍR 16 þátttakendur af 34, bestum árangri okkar fólks náðu Erna Sóley Gunnarsdóttir sem sigraði kúluvarp og Hlynur Andrésson sem sigraði í 5000 m hlaupi.

Úrvals- og stórmótahópur FRÍ

Í lok árs var birtur listi yfir þá 9 íþróttamenn sem náð hafa tilskyldum lágmörkum í Stórmótahóp FRÍ 15-22 ára árið 2022. Frjálsíþróttadeild ÍR á 4 af þessum 9 frábæru íþróttamönnum.

ÍR skokk

ÍR skokkarar áttu hefðbundið ár. Þrátt fyrir Covid fóru þónokkuð mörg hlaup fram hér á landi þetta árið og átti ÍR þátttakendur í þeim flestum. Lítið var um hlaup á erlendri grundu sökum farsóttarinnar. Reykjavíkur maraþonið féll sömuleiðis niður en sem sárabót hljóp skokkhópurinn frá ÍR heimilinu og var endað á nýju hlaupabrautinni sem hópurinn bíður spenntur eftir að verði vígð formlega.

Nokkrir hlauparar klifu 100 km múrinn og fengu nafnbótina hundraðkallar.

Utanvegahlaup

Áhugi og þátttaka í utanvegahlaupum hefur aukist og hefur Valur Þór þjálfari tekið mið af því við gerð æfingaáætlana. Síðastliðið sumar var önnur hver æfing á malarstígum og brekkum sem nóg er af í Breiðholtinu.

VIÐURKENNINGAR

Eftirfarandi íþróttamenn fá viðurkenningar á aðalfundi 30. mars 2022 fyrir árangur sinn á árinu 2021. Þessir íþróttamenn og konur hafa lagt mikið á sig undanfarið ár þar sem sóttvarnartakmarkanir gerðu þeim lífið leitt og ýmsar keppnir sem alla jafna eru haldnar féllu niður. Við hlið þeirra standa þjálfarar deildarinnar sem hafa lagt sitt af mörkum til að glæsilegur árangur náðist.

Frjálsíþróttakona ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Frjálsíþróttakarl ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti kvensprett/grindahlaupari ÍR	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir
Besti karlsprett/grindahlaupari ÍR	Ívar Kristinn Jasonarson
Besti kvenmilli/langhlaupari ÍR	Andrea Kolbeinsdóttir
Besti karlmilli/langhlaupari ÍR	Hlynur Andrésson
Besti kvenstökkvari ÍR	Hildigunnur Þórarinsdóttir
Besti karlstökkvari ÍR	Benjamín Jóhann Johnsen
Besti kvenkastari ÍR	Erna Sóley Gunnarsdóttir
Besti karlkastari ÍR	Guðni Valur Guðnason
Besti fjölþrautarmaður ÍR	Dagur Fannar Einarsson
Mestu framfarir	
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 15 – 17 ára	Dóra Fríða Orradóttir
Efnilegasti íþróttamaður ÍR 11 – 14 ára	Júlía Mekkín Guðjónsdóttir

Aðrar viðurkenningar

Erna Sóley Gunnarsdóttir og Guðni Valur Guðnason voru valin frjálsíþróttafólk ársins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir og Hlynur Andrésson voru einnig tilnefnd og verðlaunuð fyrir góðan árangur þegar íþróttafólk Reykjavíkur var valið. Guðni Valur var valinn íþróttamaður Mosfellsbæjar. Þá var Hlynur í 13. sæti í vali íþróttamanns ársins hjá samtökum íþróttafréttamanna og Erna Sóley í 19. sæti.

Mót og viðburðir á vegum ÍR 2020

Árið 2021 einkendist af samkomutakmörkunum sem gerðu mótahald erfitt en þó tókst að halda tvö mót og eitt hlaup. Inga Dís Karlsdóttir stýrði ásamt samstarfsmönnum Víðavangshlaupinu af miklum myndarskap. Helgi Björnsson ásamt mótanefnd deildarinnar skipulagði mótin okkar. Helstu mót og hlaup voru:

25. Stórmót ÍR 20. – 21. mars, 495 keppendur.

106. Víðavangshlaup ÍR sem alla jafna er haldið á Sumardaginn fyrsta fór ekki fram fyrr en 13. maí og luku 376 þáttakendur hlaupinu.

Vegna samkomutakmarkana var ákveðið að halda ekki Vormót ÍR þetta árið.
11. Bronsleikar ÍR, 204 keppendur.

25. Silfurleikar ÍR voru ekki haldnir vegna samkomutakmarkana.

Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda Gamlárshlaup ÍR 31. desember.

Fjöldi þátttakenda á mótum og í hlaupum var mun minni en í venjulegu árferði sem skýrist af samkomutakmörkunum að öllu leyti.

Auk ofangreindra móta voru fjölmörg innanfélagsmót, kastmót, stökkmót og bætingamót haldin. Þá sá deildin einnig um framkvæmd nokkurra móta á vegum Frjálsíþróttasambandsins.

Sjálfboðaliðar

Frjálsíþróttadeild ÍR vill koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sjálfboðaliðum sem koma að starfi deildarinnar á einn eða annan hátt. Án þeirra væri ekki hægt að halda þessu mikla starfi gangandi.tt fyrir heimsfaraldur tókst frjálsíþróttadeild ÍR að halda þrjú af stóru mótunum sínum ásamt Víðavangshlaupinu, að vísu með breyttu sniði í þremur tilfellum. Hins vegar var ekki hægt að halda Gamlárshlaup ÍR eða Vormót ÍR. Með útsjónarsemi og dugmiklum starfsmönnum tókst að halda þessa viðburði. Inga Dís Karlsdóttir ásamt samstarfsmönnum sínum sá um skipulagningu Víðavangshlaupsins. Helgi Björnsson

Fjármál

Fjármál deildarinnar settu stóran svip á starf stjórnarinnar á árinu líkt og undanfarin ár. Þrátt fyrir krefjandi umhverfi sem öll íþróttafélög hafa þurft að ganga í þurft að ganga í gegnum á síðustu misserum tókst að reka deildina með hagnaði annað árið í röð.

Heildartekjur deildarinnar á árinu 2021 námu 52.133 þúsund kr. samanborið við 49.647 þúsund kr. á árinu 2020.

Hagnaður ársins nam 1.215 þúsund kr. og dróst saman um 655 þúsund kr. á milli ára.

Eignir deildarinnar í árslok 2021 námu 9.839 þúsund kr. Eigið fé deildarinnar í árslok 2021 er jákvætt um 7.794 þúsund kr. og er eiginfjárhlutfallið 79,2% en var 53,2% í árslok 2020.

Framtíðarsýn

Knatthús var tekið í notkun á félagssvæði ÍR í Skógarseli haustið 2020, en í húsinu eru einnig hlaupabrautir og aðstaða til stökkæfinga auk lyftingasalar. Við höfum notið góðs af þessari aðstöðu vegna lokana í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Á næstu mánuðum mun framkvæmdum við frjálsíþróttavöllinn loksins ljúka og nokkurra ára bið okkar eftir þessu frábæra mannvirki er því senn á enda. Þarna er liggja mörg tækifæri bæði fyrir deildina bæði í tekjuöflun og ekki síður fyrir iðkendur okkar að æfa við bestu aðstæður sem bjóðast á landinu.

Fimleikadeildin býr við þröngan húsakost sem veldur því að erfitt er að halda úti æfingum til langframa þegar iðkendur eldast og eflast og kröfur á mótum verða sífellt strangari. Vonandi skýrast línur varðandi nýtt fimleikahús í Breiðholti á næstu mánuðum svo starfsemi deildarinnar geti vaxið og dafnað.



Eins og sést framar í þessari skýrslu þá eigum við marga iðkendur í fremstu röð sem skipuðu tæplega helming landsliðsins á síðasta ári. Við getum skapað þessum iðkendum góðar aðstæður með góðum þjálfurum og góðri aðstöðu á nýjum velli í Skógarseli. Við þurfum hins vegar að ná eyrum borgaryfirvalda varðandi aðgengi að Laugardalshöllinni. Við lendum ítrekað í því að iðkendum okkar er ýtt út úr húsi, eina húsi Reykjavíkurborgar sem er sérhannað fyrir frjálsar íþróttir, þegar rafíþróttamót, sýningar og árshátíðir eru haldnar, eitthvað sem aðrar íþróttagreinar lenda ekki í. Þetta hefur valdið deildinni erfiðleikum og brottfalli úr yngri hópum.

Framundan er vígsla vallarins í Breiðholti þar sem við fáum vel búinn völl og getum loksins boðið iðkendum okkar aðstæður utanhúss sem ekki hafa boðist í Reykjavík í fjölda ára. Þessi völlur er mikil lyftistöng fyrir deildina. Framundan eru líka áskoranir varðandi fjölgun iðkenda en undanfarin tvö ár hefur iðkendum deildarinnar fækkað, m.a. vegna Covid. Næsta árið getur stjórnin vonandi einbeitt sér að framtíðaruppbyggingu deildarinnar en þarf ekki að berjast við Covid-takmarkanir, lokanir aðstöðu og fjármálin.

F.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar ÍR,

Rúnar G. Valdimarsson, formaður.

HANDKNATTLEIKSDEILD ÍR

Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeildar ÍR fyrir keppnistímabilið 2021 – 2022.

Inngangur

Á aðalfundi 2021 voru kjörin í stjórn Matthías Imsland formaður, Bjarni Hallgrímur Bjarnason, Jón Kristinn Björgvinsson, Guðný Ófeigsdóttir, Andri Heimir Friðgeirsson, Elín Freyja Eggertsdóttir og Ólafur Haukur Hansen. Gekk stjórnarstarfið vel, haldinn var að meðaltali einn stjórnarfundur í mánuði auk þess sem stjórnin hafði samskipti nánast daglega um ýmis mál á samskiptamiðlum. Það hefur verið mikill samhugur í stjórn, jákvæðni og sameiginleg sýn á starfið og framtíðina. Stærsta verkefni ársins var að halda áfram að bæta fjárhagsstöðu deildarinnar sem gekk mjög vel, reksturinn skilaði yfir 9 milljóna hagnaði og er deildin nánast skuldlaus. Iðkendum hefur haldið áfram að fjölga og þegar þetta er skrifað eru meistaraflokkur karla og meistaraflokkur kvenna bæði í mjög góðri stöðu að komast upp í Olísdeildina. Nýtt íþróttahús verður tilbúið nú í vor og er það okkur mikið tilhlökkunarefni að flytja. Mun það bæta aðstöðuna svo um munar ásamt því að auka möguleika deildarinnar á fleiri og betri æfingatímum.

Meistaraflokkur karla

Við lok krefjandi keppnistímabils 2020/21 var ljóst að meistaraflokkur karla myndi spila í næstefstu deild á komandi leiktíð. Í kjölfarið hófst mikið uppbyggingartímabil innan félagsins. Margir ungir og öflugir ÍR ingar hafa fengið dýrmætt tækifæri til þess að þroska og þróa sinn leikstíl. Sem stendur er liðið í einu af efstu sætum deildarinnar og er í harðri baráttu um að öðlast sæti í efstu deild á ný, þar sem lið á vegum ÍR á heima. Á tímabilinu hefur Kristinn Björgúlfsson verið þjálfari liðsins og honum til aðstoðar verið Andri Heimir Friðriksson. Með samheldnum hópi meistaraflokksráðs, stjórnar auk fleiri ÍR inga tók rekstrarumgjörð meistaraflokks karla stakkaskiptum. Samhliða öflun tekna var rekstrarkostnaður lækkaður og tekist hefur að safna í sjóð til þess að mæta óvæntum áföllum. Í meistaraflokksráði karla voru Kristinn Björgvinsson, Andri Heimir Friðriksson, Bjarni Hallgrímur Bjarnason, Haukur Loftsson, Haraldur Örn Hannesson, Kristinn Harðarson og Kristinn Björgúlfsson. Leikmaður meistaraflokks karla var kjörinn Viktor Sigurðsson

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna var í baráttu um að komast upp í Olísdeild á síðasta tímabili en endaði á að tapa fyrir Gróttu í spennandi umspilsleikjum. Mjög mikill efniviður er til staðar í félaginu sem var til grundvallar í uppbyggingu á síðasta tímabili. Finnbogi Gretar þjálfaði liðið og var Stefán Pedersen honum til aðstoðar. Kvennaleikmaður ársins var kjörin Karen Ösp Guðbjartsdóttir. Á þessu tímabili var bætt í umgjörðina, með auka markmannsþjálfun og meiri styrktarþjálfun. Þrátt fyrir að hafa misst Ólöfu Hlynsdóttur sem hafði verið besti sóknarmaður liðsins náðum við að styrkja liðið. Þar má sérstaklega að nefna Karen Tinnu sem kom úr Stjörnunni og hefur verið frábær með uppeldisliði sínu. Einnig var fenginn erlendur leikmaður, Ksenija Dzaferovic sem hafði leikið með ÍBV við góðan orðstýr. Auk þess var Jakob Lárusson ráðinn þjálfari.

Arnar Guðmundsson tók svo við liðinu í byrjun desember ásamt Stefáni Pedersen. Þegar þetta er skrifað er meistaraflokkur kvenna í verulega góðri stöðu að komast upp í Olísdeild og nánast hreinn úrslitaleikur við Selfoss framundan. En samt sem áður eru margir erfiðir leikir framundan þar sem auðvelt er að misstíga sig. Meistaraflokksráð kvenna hefur verið skipað þeim Viktori Guðmundssyni, Matthíasi Imsland, Önnu Sif Jónsdóttur, Ásdísi Ólafsdóttur, Óla Hauk og Önnu M. Sigurðardóttur. Rekstur hefur gengið vel síðan farið var í að endurreisa flokkinn en fleiri vantar til aðstoðar. Alltof fáir bera þungan af starfinu sem gerir allt utanumhald mun erfiðara.

BUR

Barna- og unglingastarfið í handboltanum hefur vaxið og dafnað síðustu tvö ár. Í upphafi vetrar var mikið lagt upp með að fá inn fólk í BUR þar sem ekkert starfandi ráð var veturinn á undan. Inn komu fimm einstaklingar sem buðu sig fram og funda nú með yfirþjálfara einu sinni í mánuði og taka að sér einstök verkefni. Þetta eru þau Óli Haukur Hansen, Björk Sigurþórsdóttir, Gunnlaug Gissurardóttir, Anna Björk Sveinsdóttir og Íris Dögg Helgadóttir. Í vor var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á að sækja reynslumikinn þjálfarahóp sem ætti að skila sér í fleiri iðkendum, faglegri þjálfun og öflugara starfi. Sú nálgun hefur skilað sér en hvergi betur en í yngstu flokkunum þar sem fjölgun hefur verið mikil og þá sérstaklega kvenna megin. Í fyrra var tekið það skref að skipta 1.-2. bekk eftir kyni en árin áður höfðu kynin æft saman upp í Austurbergi. Í dag æfa tæplega 140 krakkar í 1.-4. bekk handbolta og hefur stelpum á þessum aldri fjölgað úr 20 í 60 iðkendur. Það er mikilvægt að yngstu flokkarnir séu sem stærstir svo að þeir séu betur í stakk búnir þegar iðkendum fer að fækka í 6-5. flokki eins og sagan sýnir. Í eldri flokkunum hefur fjöldi iðkenda verið ágætur og ekki mikið um göt. Með því að vera með öfluga þjálfara í þeim flokkum er markmið okkar að búa til okkar eigin leikmenn fyrir meistaraflokka félagsins. Fjöldi iðkenda hefur aukist frá því að yfirþjálfari tók við haustið 2020. Tímabilið 19/20 var fjöldi iðkenda um 215 en í enda tímabilsins 20/21 var talan komin í 275. Á þessum tímapunkti er fjöldi iðkenda í yngri flokkum handknattleiksdeildar 290. Það er ánægjulegt að hlutfallið milli stráka og stelpna hjá félaginu er að jafnast út en um 130 stelpur og 160 strákar eru skráðir. Ráðist var í tvö átök í vetur en í október fór fram Softball mót grunnskólanna þar sem um 300 krakkar í öllum skólum í Breiðholti í 3.-8. bekk tóku þátt. Mikil stemning myndaðist í kringum mótið í skólunum sem var mikil innspýting í starfið og komu þónokkrir nýir iðkendur inn í kjölfar þess. Í janúar var einnig farið í átak samhliða EM í handbolta. Allir krakkar í 1.-6. bekk í Seljahverfi fengu gefins lítinn bolta merktan ÍR og í kjölfarið var frítt fyrir alla nýja iðkendur að prófa að æfa handbolta í allan janúar. Töluverður fjöldi kom inn í þvi átaki, sérstaklega í yngstu flokkunum sem er gríðarlega jákvætt. BUR er stórhuga varðandi átök á næsta ári og ætlar í samstarf með skólunum strax í byrjun næsta skólaárs. ÍR á fjölmarga landsliðsmenn í yngri flokkum, leikmenn sem hafa tekið þátt í æfingum með landsliðinu og farið í verkefni með landsliðinu erlendis. Ljóst er að framtíðin er björt hvað varðar efnilega leikmenn í félaginu. Fjárhagur BUR er mjög góður en vel hefur tekist til að innheimta æfingagjöld. Einnig hefur verið lögð meiri áhersla á að sækja um hina ýmsu styrki sem margir hverjir hafa skilað sér inn. Það er ljóst að tækifærin til að vera með eitt sterkasta yngri flokka starf landsins eru til staðar. Það er ljóst að það þurfa fleiri einstaklingar að koma að unglingastarfinu og sýna því áhuga ef viðhalda á fjölda iðkenda og bæta í umgjörð og gæði. Í fyrra fór mikill tími yfirþjálfara í allskonar hluti sem BUR hefði geta létt undir en með tilkomu nýs BUR í ár hefur álagið minnkað örlítið, sér í lagi í kringum fjölliðamótin sem félagið heldur og er mikilvægur peningur fyrir starfið. Í gegnum árin hefur það orðið erfiðara og erfiðara að fá inn sjálf-

boðaliða en búa þarf til þá menningu í yngri flokkum að foreldrar taki virkari þátt í starfinu.

Lokaorð

Margt mjög jákvætt hefur verið í rekstri handknattleiksdeildar ÍR. Fjárhagsstaðan er góð og hefur farið frá því að vera afleit á aðeins tveimur árum. Báðir meistaraflokkar eiga góða möguleika á að komast upp í efstu deild og eru byggðir upp að megninu til á uppöldum ÍR ingum. Nýtt hús sem við fáum afhent í vor gjörbreytir allri aðstöðu félagsins og má segja að með tilkomu nýja hússins sé aðstaðan með því besta sem gerist. Yngri flokka starfið blómstrar, iðkendum hefur fjölgað á hverri önn síðastliðin tvö ár og nú hefur okkur tekist að lyfta grettistaki í fjölgun stúlkna í handbolta. Það að ÍR hefur farið frá því að skulda óheyrilegar upphæðir í að eiga sjóði til að eiga fyrir mögru árunum gerist ekki að sjálfu sér. Ráðdeild í rekstri ásamt klókindum að sækja auknar tekjur hefur skilað okkur á góðan stað. Staðan er þó viðkvæm, starfið hefur verið borið upp á mjög fáum einstaklingum og álagið sem fylgir starfi í stjórn mikið. Í flestum félögum heyrist að það er æ erfiðara að fá sjálfboðaliða sem þýðir að meira álag skapast á þá sem eftir eru. Það er ekki sjálfgefið að stjórnarmenn leggi marga tíma á dag í sjálfboðavinnu fyrir íþróttafélag og það gengur ekki að einstaka þjálfarar eyði mörgum tímum á viku í undirbúning ferða eða í að safna auglýsingum. ÍR hefur ekki marga starfsmenn og því gefst ekki tími til að þjónusta deildirnar að neinu marki. Undanskilið er að sjálfsögðu bókhald og gjaldkeri þar sem þjónusta er mikil. En þarna liggur kannski vandinn helst og þarf að velta upp hvernig hægt er að nýta betur starfsmenn í að þjónusta einstaka deildir eða fjölga starfsmönnum. Það er líklegt að handknattleiksdeildin sé komin á þann stað að það er útilokað annað en að ráða framkvæmdastjóra. Slíkt kostar að sjálfsögðu fjármuni en það verður að létta vinnu af sjálfboðaliðum sem fara með stjórn deildarinnar. Nú er verið að kynna til sögunnar ný meistaraflokksráð. Karla megin hefur gengið mjög vel að fá nýja einstaklinga inn í ráðið og hafa margir öflugir aðilar gefið jákvætt svar um að taka þátt. Kvenna megin hefur ekki gengið eins vel. Það kostar milli 9-10 milljónir á ári að reka meistaraflokk kvenna eins og við höfum verið að gera. Með öfluga umgjörð sem önnur lið hafa haft orð á að sé með því besta sem gerist. Fastar tekjur eru hins vegar rúmlega 1 milljón svo verkefnið er stórt ef það eru nokkrir aðilar sem eiga að klára það. Fleiri verða að koma að og leikmenn verða að taka meiri þátt í fjáröflunum. Staðan er mjög góð, eiginlega fáránlega góð. En staðan er líka viðkvæm, það þurfa fleiri að koma að. Það þarf ekki mikið til að draga þurfi verulega úr umgjörðinni.

.

.

JÚDÓDEILD ÍÞRÓTTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

Ársskýrsla 2021

Fráfarandi stjórn :

Formaður: Gísli Fannar Egilson (gislifannar94@gmail.com)
Varaformaður: Ásgeir Ásgeirsson (asgeirerlendur@internet.is)
Gjaldkeri: Haukur Þór Haraldsson (haukur.haraldsson@reykjavik.is)
Ritari: Magnús Sigurjónsson (magnussi@mmedia.is)
Meðstjórnandi: Aleksandra Lis (aleksandralis3450@gmail.com)
Meðstjórnandi: Arnar Þór Sigurðsson (arnarlarsen@gmail.com)
Meðstjórnandi: Felix Exequel Woelflin (felix.e.woelflin@gmail.com)

Starfsemin og æfingar

Júdódeild ÍR hefur vaxið frekar jafnt og þétt síðan hún fékk aftur smá pláss í salnum á jarðhæð ÍR-heimilisins, þ.e.a.s. síðan lyftingarsalurinn færði sig frá jarðhæð ÍR heimilisins og yfir í nýja fjölnotahúsið. Mikið var gert til að efla starfið og hefur töluverð vinna farið í það. Deildin hefur aukið fjármagnið sem sett er í þjálfaralaun til að reyna að byggja upp góðan þjálfarahóp. Reynt var að komast í aðstöðu í Efra-Breiðholti til að bjóða krökkum þar upp á íþróttina en gekk það ekki upp. Aðstaðan sem bauðst var allt of lítil og óheillandi. Auk þjálfara hefur deildin haft hóp sjálfboðaliða sem hafa verið tilbúnir til að koma að starfinu þegar þess þarf.Til að bæta iðkendum upp tapaðar æfingar í samkomubanninu var ákveðið að bjóða öllum fríar æfingar í janúar 2021 og gaf það góða raun. Stjórnendur ÍR auglýstu það vel á samfélagsmiðlum í hverfinu og hefur það líklega fjölgað iðkendum verulega.

Mikil vinna hefur verið lögð í uppbyggingarstarf eftir það brottfall sem varð vegna þeirrar minnkunar á æfingaplássi sem varð við komu lyftingarsalarins á jarðhæð ÍR-heimilisins. Á fyrstu árum deildarinnar var æft í öllum salnum á jarðhæð ÍR-heimilisins og voru þá töluvert fleiri í deildinni, eða rúmir 130 iðkendur eftir fyrstu þrjú ár deildarinnar í starfi.

Áður þurfti að leggja dýnur niður og taka þær aftur upp að loknum æfingadegi og þurftu þjálfarar því að mæta 30-45 mín fyrr og vera lengur í lok dags en það er þar að auki slítandi og hvimleið vinna. Það var því stórt skref fyrir deildina og þjálfara að fá að hafa fastar dýnur í hálfum salnum.

Síðar, þegar lyftingarsalurinn var öðru megin við æfingapláss júdódeildarinnar og tae-kwon-do eða karate hinu megin við æfingaplássið minnkaði iðkendafjöldi allverulega í deildinni. Þetta litla æfingapláss sem hafði verið komið okkur í var langt í frá vinsælt og fældi verulega frá og þá sérstaklega þegar læti voru í lyftingarsalnum. Með von um bjartari tíma var reynt að halda iðkendum innan deildarinnar en gekk það erfiðlega. Kórónuveiran skall síðan á heiminn og var það til þess að deildin dó nánast alveg.

Júdódeildin hefur þurft að þrauka ansi margt og hefur hún fengið lítin stuðning frá félaginu í gegnum þessi harðindi sem hefur verið þröngvað upp á deildina. Erfiðlega hefur gengið að halda iðkendum innan deildarinnar vegna meiðsla sem koma upp við að falla á ónýtt gólf og ekki er hægt að æfa júdó af neinu viti í ÍR-heimilinu vegna gólfsins. Dýnurnar sem æft er á eru ónýtar og liggja þær á hörðu gólfi. Venjulega er æft á nýrri dýnum undirlagi sem gefur eftir þegar fallið er á gólfið. Fjölmargir iðkendur hafa verið að meiðast á æfingum þó reynt sé að fara varlega.

Fjaðrandi undirlag og júdódýnur sem eru í lagi eru lykilatriði fyrir íþróttina, líkt og gras/gervigras fyrir fótboltann eða parketgólf fyrir körfubolta og handbolta. Ekki sjáum við þær deildir þurfa að standa undir kostnaði af undirlagi við hæfi fyrir sína íþrótt en það hafa verið viðbrögðin sem júdódeildin hefur fengið að sjá frá félaginu þegar óskað hefur verið eftir bættri aðstöðu sl. ár. Þ.e.a.s. að deildin verði að safna fyrir nýju gólfi líkt og deildin keypti inn þær júdódýnur sem notaðar eru í salnum niðri en hafa síðan verið notaðar af fleiri deildum og hópum. Oft hefur verið komið að dýnunum þar sem þær eru beyglaðar og búið að ganga illa um þær. Júdódeildin getur ekki eytt fjármagni í dýnur þegar aðrir hópar ganga illa um dýnurnar og endingartími þeirra styttur verulega.

Klefamál

Jú Það vantar ekki áhugann á íþróttinni hjá krökkum í hverfinu en erfitt er að halda þeim vegna lélegrar æfingaaðstöðu, þá sérstaklega þegar horft er til kvenkyns iðkenda deildarinnar. Klefamál hafa verið algjörlega til skammar frá upphafi deildarinnar og tala fyrrum og núverandi kvenkyns iðkendur um hversu leiðinlegt það sé að mæta á æfingu og fá engan klefa til að skipta um föt og fara í sturtu. Nokkrar af fyrrum iðkendum deildarinnar segja þetta vera eina af aðalástæðum þess að þær hættu að stunda íþróttina. Sú óvissa sem það var um hvort þær myndu fá klefa eða ekki og þurfa að skipta um föt inni á salerni frammi í anddyri og að komast ekki í sturtu að lokinni æfingu dró verulega úr viljanum til að mæta á æfingar. Klefinn er reglulega tekin undir fótboltann þegar leikir eru og hefur fótboltadeildin þá 5 klefa til afnota á meðan Júdódeildin hefur einn klefa til afnota sem er notaður af fleiri deildum. Einnig hefur umgangur í ÍR heimilinu verið slæmur. Fótboltaiðkendur ganga inn á takkaskóm sem skilur eftir sig slóð og iðkendur hjá Júdódeildinni labba á tánum á skítnum.

Keppni

Júdódeildin hefur efnilega iðkendur innan deildarinnar og sýndi það sig aldeilis á Íslandsmóti. Íslandsmeistaratitla unnu þau Hafþór Ingi, Matthías og Sabrína. Hafþór vann íslandsmeistaratitil í Dr. U13 -60, Matthías í Dr. U21 -100 og í fullorðins flokki -100kg og Sabrína í St. U21 -63.

Matthías vann einnig til verðlauna á erlendum vettvangi en hann lenti í öðru sæti á sterku móti í Finnlandi. Deildin átti einnig fjölmarga keppendur á árinu á öðrum mótum sem stóðu sig margir vel. Deildin leggur ekki áherslu á keppni en býður áhugasömum upp á það að taka þátt í keppni ef vilji er fyrir því hjá iðkendum deildarinnar.

Deildin átti að halda Reykjavíkurmeistaramót í ár en hefur því miður ekki aðstöðu til þess og þurfti því að biðja annað félag um að halda mótið. Þetta finnst okkur hjá júdódeildinni miður þar sem mótahöld og keppnir á heimavelli skapa góðar minningar fyrir krakkana sem æfa hjá deildinni. Einnig hefur sú hefð dáið að halda innanfélagsmót í kringum jólin en við hjá deildinni viljum einnig geta tekið upp á því á ný. Við hjá júdódeild ÍR vonumst til þess að nýtt undirlag verði sett upp og nýjar júdódýnur keyptar inn svo að deildin geti farið að halda mót á ný sem allra fyrst.

Heiðursviðurkenningar

Felix Exequiel Woelflin, aðalþjálfari og meðstjórnandi júdódeildar ÍR, og Magnús Sigurjónsson, Ritari júdódeildar ÍR frá upphafi deildarinnar, hlutu báðir silfurmerki ÍR á árinu

Matthías Stefánsson og Sabrína Heiður Ragnheiðardóttir voru valin íþróttakarl og íþróttakona Júdódeildar ÍR.

Matthías Stefánsson var valinn efnilegasti júdómaður landsins af Júdósambandi Íslands.

Fjármál

Deildin var rekin með um 300.000 króna tapi í ár. Stjórnin ákvað að setja meiri pening í starfið til að efla þjálfarateyma deildarinnar og átti deildin vel efni á því. Tekjur af æfingagjöldum rúmlega þrefölduðust, voru um 339% hærri í ár en í fyrra, og verktakagreiðslur rúmlega þrefölduðust einnig, eða voru um 342% hærri í ár en í fyrra. Þá hafa fimm þjálfarar verið að starfa reglulega hjá deildinni í ár. Gjaldkeri deildarinnar passer vel upp á peninga deildarinnar og kemur með góð ráð þegar kemur að fjármálum deildarinnar. Júdódeild ÍR hefur átt fyrir öllum útgjöldum og skuldbindingum deildarinnar.

Framtíðarsýn

Það sem heldur deildinni gangandi er sú framtíðarsýn að fá æfingaaðstöðu fyrir deildina í nýju húsi sem á að byggja á næstu árum. Einnig höldum við í vonina að sett verði upp fjaðrandi gólf og að nýjar dýnur verði keyptar inn. Júdódeildin hefur reynt að safna peningi fyrir þessu og hefur deildinni tekist að fá 300.000kr upp í fjaðrandi gólf sem er um fimmtán prósent þess sem þarf fyrir fjaðrandi gólf í allan salinn á jarðhæð ÍR heimilisins. Það gengur því ekki nógu vel fyrir deildina að safna fyrir þessu gólfi og er deildin ekki í neinni stöðu til að vera að standa fyrir slíkum kostnaði eftir öll þau ár sem hefur verið þrengt að deildinni samhliða erfiðum uppákomum á borð við kórónuveirufaraldurinn.

Við sjáum nýja húsnæðið í hillingum og vonumst til að geta verið svolítið útaf fyrir okkur svo við getum haft æfingar oftar í viku og að aðrir æfingahópar séu ekki að trufla æfingar hjá okkur. Deildin hefur farið ört vaxandi síðasta árið og sjáum við fram á frekari vöxt. Mikið liggur á að fá gólf sem er í lagi og ef aðstöðumál verða bætt gerum við ráð fyrir að deildin muni vaxa hratt og geta orðið öflugri og stærri en hún var áður.

Karateideild ÍR

Ársskýrsla 2021 - 2022

Stjórn

Formaður María Björk Jónsdóttir, varaformaður Sonja Jósefsdóttir, gjaldkeri Branka Aleksander og ritari Hörður Stefánsson
Meðstjórnendur: Abdellmajid Absrmm, Artur Kobiela, Guðmundur Jafet Sigurbjörnsson, Malgorzata Drozyner, Snæbjörn Freyr Valbergsson, Tómas Eric, Trang og Valgeir Ólafsson.

Aðalþjálfari deildarinnar er Aron Ahn Ky Huynh og er stjórnin mjög ánægð með starf hans. Þrátt fyrir að ÍR sé minnsta karate-félagið hefur árangur í mótum hefur verið mjög góður og einnig á deildin þrjá landsliðsmenn þau: Adam Ómar Ómarsson, Jakub Kobiela, og Dunja Dagný Minic. Þau stefna á alþjóðlegt mót í Svíþjóð í apríl.

Starfandi eru 3 flokkar: 5-7 ára, 8-11 ára og 12-17 ára. Æfingarnar fara aðallega fram í undirheimum í kjallara Austurbergs og unglingaflokkurinn er líka í kjallaranum í Ír-heimilinu.

Framtíðarsýn: Við settum nýlega af stað átak til að fjölga iðkendum með auglýsingum í frístundaheimilum grunnskólanna í Breiðholti, nú þegar höfum við séð fjölgun á æfingum vegna þessa. Til liðs við stjórnina hefur gengið sérfræðingur við grafíska hönnun og erum við bjartsýn á að hann geti hjálpað okkur að búa til framúrskarandi kynningarefni og fleira.

Fjármál deildarinnar eru í járnum, stjórnin er samt vongóð á að ná endum saman með fjölgun iðkenda

Helsti árangur ÍR í karate á árinu 2021:

Dags	Nafn	Flokkur	Mót	Árangur
3.10.2021	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	Grand Prix	Kata 2. sæti
3.10.2021	Jakub Kobiela	13 ára kk	Grand Prix	Kata 2. sæti
3.10.2021	Þorleifur G. Wernersson	12 ára kk	Grand Prix	Kata 2.sæti
23.10.2021	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	Ísl.mót unglinga	Kumite 2.sæti
23.10.2021	Adam Ómar Ómarsson	12 ára kk	Ísl.mót unglinga	Kumite 2.sæti
13.11.2021	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	Grand Prix	Kata 2.sæti
13.11.2021	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	Grand Prix	Kumite 2.sæti
13.11.2021	Adam Ómar Ómarsson	12 ára kk	Grand Prix	Kata 2.sæti
13.11.2021	Adam Ómar Ómarsson	12 ára kk	Grand Prix	Kumite 3.sæti
13.11.2021	Jakub Kobiela	13 ára kk	Grand Prix	Kata 2.sæti
13.11.2021	Prince James Caamic	12 ára kk	Grand Prix	Kata 3.sæti
30.01.2022	Jakub Kobiela	13 ára kk	RIG	Kata 2.sæti
30.01.2022	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	RIG	Kata 2.sæti
30.01.2022	Dunja Dagný Minic	13 ára kvk	RIG	Kumite 3.sæti
26.02.2022	Prince James Caamic	13 ára kk	Grand Prix	Kata 1.sæti
26.02.2022	Prince James Caamic	13 ára kk	Grand Prix	Kumite 2.sæti

26.02.2022	Dunja Dagný Minic	15 ára kvk	Grand Prix	Kata 3.sæti
26.02.2022	Dunja Dagný Minic	15 ára kvk	Grand Prix	Kumite 2.sæti
26.02.2022	Daren Uzo	15 ára kk	Grand Prix	Kumite 3.sæti
26.02.2022	Mia Djuric	15 ára kvk	Grand Prix	Kumite 3.sæti

Á uppskeru-hátíð karatesamband Íslands voru veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur í stigamótum Grand Prix

Kata 12 ára kk	Adam Ómar Ómarsson	2.sæti
Kata 12 ára kk	Þorleifur G. Wernersson	3. sæti
Kata 13 ára kk	Jakub Kobiela	3. sæti
Kata 13 ára kvk	Dunja Dagný Minic	2.sæti
Kumite 12 ára kk	Adam Ómar Ómarsson	3.sæti
Kumite 13 ára kvk	Dunja Dagný Minic	2.sæti

KEILUDEILD ÍR

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2021

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 6. maí 2021

Stjórn keiludeildar

Starfandi stjórn keiludeildar ÍR tók við eftir aðalfund 6. maí 2021. Stjórn keiludeildarinnar var þannig skipuð á árinu: Valgerður Rún Benediktsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi, Unnar Óli Þórsson var varaformaður, Halldóra Íris Ingvarsdóttir var gjaldkeri, Ásgeir Henningsson var ritari, Böðvar Már Böðvarsson, Daníel Ingi Gottskálksson og Jóhann Ágúst Jóhannsson voru meðstjórnendur og Geirdís Hanna Kristjánsdóttir var áheyrnarfulltrúi.

Áhrif Covid-19



Heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil árhif á keppnistímabilið 2020 – 2021. Keppni var frestað í október 2020 til janúar 2021 og aftur í mars og fram í apríl 2021. Eðli málsins samkvæmt settu þessar miklu takmarkanir allt starf keilunnar úr skorðum og m.a. þurfti að fækka umferðum í deildarkeppni. Að lokum tókst þá að ljúka allri keppni í júní 2021.

Aðstöðumál keilunnar

Það hefur lengi legið fyrir að **aðstaða keiluíþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu er með öllu óviðundandi** en einungis einn keilusalur er á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Egilshöll. Þrátt fyrir að samtarf Egilshallarinnar og keilunnar sé með ágætum þá er þar einnig rekin veitingastaður og bar samhliða keilusalnum. Íþróttafélögin hafa keilusalinn sjaldnast út af fyrir sig og eru því reglulega að deila honum með almenningi hvort sem er við æfingar eða keppni. Almenningur er eðli málsins samkvæmt komin í keilu til að skemmta sér og hefur oft áfengi um hönd. Það er með öllu óviðundandi að bjóða börnum og ungmennum sem eru að æfa eða keppa upp á slíkt umhverfi og vandséð að svona aðstæður myndu verða samþykktar hjá öðrum íþróttagreinum. Þá er jafnframt nær ómögulegt að ætlast til þess að hægt sé að þjálfa upp íþróttafólk í fremstu röð við slíkar aðstæður.

Aðstöðuleysið er farið að bitna verulega á íþróttinni enda iðkendur langþreyttir á stöðu mála. Erfitt er að koma fyrir skipulögðum æfingum fyrir fullorðna sem eðli málsins samkvæmt þurfa að vera á sama tíma og mest aðsókn er í salinn frá almenningi, þ.e. utan hefðbundins vinnutíma. **Ætla má að síðustu 4 ár hafi iðkendum fækkað um 40-50% og er það að mestu rakið til aðstöðuleysis.**

Formenn allra keiludeilda á höfuðborgarsvæðinu funduðu um stöðuna á árinu og er samstaða um að úrbóta sé þörf.

Stjórn keildueildar ÍR fékk eftirfarandi bókun samþykkta á aðalfundi KLÍ:

> *„Ársþing Keilusambands Íslands árið 2021 styður stjórn KLÍ til að halda áfram af krafti viðræðum við íþróttahreyfinguna og stjórnmálaöfl um uppbyggingu á*

aðstöðu fyrir keiluíþróttina. Aðstaða til að stunda íþróttina er með öllu óviðunandi og gerir allt uppbyggingar og þróunarstarf nær ómöguleg. Í því samhengi mættu t.d. stjórnmálaöfl í Reykjavík og á Akureyri taka samstarf bæjarstjórnar Akraness og keiludeildar ÍA sér til fyrirmyndar sem tóku höndum saman um uppbyggingu á aðstöðu fyrir keiluíþróttina á Akranesi. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi!"

Þá átti stjórn keiludeildar ÍR í viðræðum við aðalstjórn ÍR um uppbyggingu keilusalar á ÍR svæðinu og lagði m.a. mikla vinnu í að setja upp rekstraráætlun fyrir keilusal sem aðalstjórn er nú með til skoðunar. Bindur stjórn vonir við að sú vinna skili árangri.

Einnig eru uppi hugmyndir um keilusal í Laugardalnum í tengslum við stækkun og endurbætur á skautahöllinni og hafa ÍTR og ÍBR leitt þá hugmyndavinnu.

Í ljósi framangreinds leyfir stjórn keiludeilar ÍR sér að vera hóflega bjartsýn á að sjá fram á bjartari tíma í aðstöðumálum keilunnar þó enn sé ekkert í hendi.

Árangur ÍR keilara árið 2021

Keiludeild ÍR er sú fjölmennasta á landinu og sendir deildin því fjölmörg lið og einstaklinga til keppni í hinum ýmsu mótum. Keiludeildin er með um 90 spilara sem taka þátt í 1.-3. deild karla og 1. deild kvenna eða 14. lið í deildarkeppnum karla og 6 lið í deildarkeppni kvenna. Hér að aftan er farið yfir helsta árangur ÍR keilara árið 2021.

Liðakeppni

ÍR-PLS urðu Íslands-, deildar- og bikarmeistarar karlaliða árið 2021 og sigruðu einnig meistarakeppni KLÍ. **ÍR-Buff** varð í 2. sæti í Íslands-, deilar- og bikarkeppni kvennaliða 2021 og sigraði meistarakeppni KLÍ.

Einstaklingskeppni

Hafþór Harðarsson varð Íslandsmeistari einstaklinga í keilu og í öðru sæti á RIG en Adam Pawel varð í 3. sæti á RIG. Gunnar Þór Ásgeirsson varð í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti einstaklinga og Ástrós Pétursdóttir í 3. sæti á sama móti. Þá varð **Gunnar Þór** einnig Reykjavíkurmeistari einstaklinga með forgjöf en Bharat Singh varð í þriðja sæti á sama móti. Hafþór Harðarsson og Einar Már Björnsson urðu í öðru sæti á Íslandsmeistaramótinu í tvímenningi.

Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir varð Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Einar Már Björnsson og Ástrós Pétursdóttir sigruðu Reykjavíkurmót einstaklinga 2021 og Nanna Hólm Davíðsdóttir varð í 3. sæti. Nanna Hólm varð einnig í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti para þar sem hún keppti með Gústaf Smára Björnssyni úr KFR.

ÍR á einnig fulltrúa í landsliðum Íslands í keilu en á árinu kepptu landsliðin á Super World Championship í Dubai þar sem þau Gunnar Þór Ásgeirsson, Linda Hrönn Magnúsdóttir,

Margrét Björg Jónsdóttir og Nanna Hólm Davíðsdóttir voru fulltrúar ÍR.

Þá áttu ÍR einnig fulltrúa á Masters Super World Championship þar sem keppt er í 50+ og 65+ flokkum en það voru þau Þórarinn Már Þorbjörnsson, Linda Hrönn Magnúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Bára Ágústsdóttir.

Gunnar Þór Ásgeirsson tók einnig þátt í Evrópumóti landsmeistara ECC á Krít í Grikklandi og varð þar í 5. sæti sem er frábær árangur.

ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel á árinu. **Alexandra Kristjánsdóttir** varð Íslandsmeistari unglinga í opnum stúlknaflokki en Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir varð í 3. sæti í sama flokki. Aron Hafþórsson varð síðan í 3. sæti í opnum flokki pilta. ÍR átti alls 13 keppendur á mótinu og hlaut alls fern gullverðlaun, ein silfur- og þrenn bronsverðlaun.

Meistarakeppni ÍR, uppskeruhátið ÍR keilarar, var einnig haldin á árinu. Það voru þau **Hlynur Örn Ómarsson og Nanna Hólm Davíðsdóttir** sem sigruðu sinn flokk en **Guðbjörn Joashua Guðjónsson** vann forgjafarflokkinn.

Keilarar ÍR 2021

Hafþór Harðarson og **Ástrós Pétursdóttir** voru valin keilarar ÍR árið 2021.

Hafþór hefur um árabil verið einn fremsti keilari landsins. Hann varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga í keilu í fimmta sinn og varð í öðru sæti á Reykjavíkurleikunum. Þá er hann Íslands-, deilda- og bikarmeistari með liði sínu ÍR-PLS en liðið vann einnig meistarakeppni Keilusambands Íslands.

Ástrós hefur undanfarin ár verið einn fremsti keilari landsins. Hún varð Reykjavíkurmeistari einstaklinga á árinu og varð í þriðja sæti á Íslandsmeistaramóti einstaklinga. Þá varð hún ásamt liði sínu ÍR-Buff í öðru sæti í deildarkeppni 1. deildar, í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti og bikarkeppni liða ásamt því að liðið vann meistarakeppni Keilusambands Íslands.

Mótahald ÍR á árinu 2021

Keiludeild ÍR hefur í undanfarin ár staðið fyrir allskonar keilumótum en Covid-19 og samkomutakmarkanir settu tölvuert strik í reikninginn þetta árið. Aukinn kostnaður við brautarleigu hefur á síðustu árum einnig valdið miklum erfiðleikum auk þess sem sífellt reynist erfiðara að fá styrktaraðila og sjálfboðaliða til starfa við mótahald.

Keiludeild ÍR heldur úti Pepsi Max mótum sem haldin eru flesta.

sunnudaga yfir keppnistímabilið. Þar nýtur deildin stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir

Bæði **páskamót ÍR 2021** og **jólamót ÍR 2021** voru felld niður vegna samkomtakmarkana.

Útbreiðsla, kynning og miðlun



Heimasíða keiludeildarinnar er undir heimasíðu ÍR www.ir.is/keila. Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin er einnig með síðu á Facebook og lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keiluþjálfara, æfingahópa keilukrakkanna og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

Þá stóð keiludeildin fyrir kynningarátaki í september þar sem krökkum var boðið að koma og prufa að æfa undir handleiðslu þjálfara. Kynningin heppnaðist nokkuð vel en því miður setja aðstöðumál slíku kynningarstarfi töluverðar skorður.

Barna- og unglingastarf og þjálfun

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi keiludeildar ÍR en um 30 börn stunda æfingar hjá deildinni. Iðkendum hefur þó fækkað mikið á milli ára og deildinni er þröngur stakkur sniðinn vegna aðstöðumála.

Iðkendum er skipt upp í þrjá æfingahópa, grunn- og framhaldshóp sem æfa tvisvar sinnum í viku og keppnishóp sem æfir fjórum sinnum í viku. Undanfarin ár hefur deildin einnig haldið úti starfi fyrir 1. og 2. bekk sem kallast ÍR-ungar en vegna aðstöðuleysis og mönnunarvanda féllu þær æfingar niður árið 2021.

Þjálfarar deildarinnar eru þau Adam Pawel yfirþjálfari, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Guðmundur Jóhann Kristófersson, Jóhann Ágúst Jóhannsson og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

Við deildina starfar einnig foreldrafélag en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni.

Undanfarin ár hefur keiludeildin **boðið deildarspilurum upp á þjálfun** um helgar þegar það eru lausar brautir. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar. Vegna samkomutakmarkana, aðstöðuleysis og þjálfaraskorts gekk erfiðlega að halda úti þjálfun deildarspilara árið 2021.

Að lokum

Að mati stjórnar keildudeildar gekk starfið ágætlega árið 2021 og árangur ÍR keilara góður. Rekstur deildarinnar var með hefðbundnu sniði og fjármál stöðug eins og sjá má í ársreikningi.

Það verður hins vegar að nást árangur í aðstöðumálum ef keilan á að ná að vaxa sem

íþrótt, bæði hvað varðar iðkendafjölda og barna-, unglinga og afreksstarf. Það felast miklir möguleikar í uppbyggingu keiluaðstöðu enda er keila svo sannarlega íþrótt fyrir alla.

En starf keiludeildarinnar er eingöngu eins kraftmikið og þeir sjálfboðaliðar sem eru tilbúnir að gefa tíma sinn til að starfa fyrir íþróttina. **Stjórnin þakkar því öllum sem hafa lagt hönd á plóg við að halda starfi deildarinnar gangandi og skorar jafnfram á fleiri til að gefa sér tíma til að taka þátt í starfi deildarinnar.**

Stjórn keiludeildar ÍR

.

Knattspyrnudeild ÍR

Ársskýrsla stjórnar 2021 - 2022.

Ágætu ÍR-ingar

Núverandi stjórn knattspyrnudeildar var kosin á aðalfundi deildarinnar 6. maí 2021. Á þeim fundi var Magnús Þór Jónsson endurkjörinn formaður deildarinnar og í stjórn voru kosin auk hans Matthías P. Einarsson sem var kjörinn gjaldkeri, Atli Guðjónsson, Auður Sólrún Ólafsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Þessi hópur hefur borið hitann og þungann af starfi félagsins frá þeim tíma en þau hafa þó fengið dygga aðstoð þegar kemur að ákveðnum verkefnum.

Barna- og unglingaráð hefur leitt unglingastarf deildarinnar. Formaður þess er Runólfur Þór Ágústsson, með honum eru í stjórn Linda Hrönn Gylfadóttir, Sandra Ómarsdóttir, og Drífa Stefánsdóttir.

Knattspyrnudeild ÍR hefur á undanförnum árum verið að ná sínum fyrri styrk. Við höfum hægt og rólega verið að stækka hópana okkar, erum nú með þátttökuflokka í öllum flokkum karla og kvennaflokkar félagsins náðu á árinu 2021 upp í 4. flokk og eru frá fimmta flokki sögulega stórir. Eins og síðar verður rætt urðu utanaðkomandi aðstæður til þess að ekki varð úr því árið 2020 en stefnir í annað slíkt met árið 2021.

Starfsemi eftir aldursflokkum

Í 8. flokki barna æfa strákar og stelpur undir stjórn Jóhanns Inga Jóhannssonar. Flokkurinn er frábært upphaf knattspyrnuiðkunar hjá félaginu og hefur vaxið og dafnað undanfarin ár! Í mars 2022 var haldið JAKO-mót í þessum flokki hér í húsakynnum okkar ÍR-inga, mót sem ætlunin er að halda áfram með næstu ár.

í 7. flokki karla æfa iðkendur undir stjórn Piotr Bujak. Í 7. flokki er stóra mótið Norðurálsmótið á Akranesi, auk þess sem við ÍR-ingar höfum staðið fyrir Hlynsmótinu í þessum aldursflokki. Að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

Í 6. flokki karla stýra Helgi Snær Agnarsson og Arnar Steinn Einarsson starfi flokksins. Í 6. flokki er stóra mótið Orkumótið í Vestmannaeyjum, auk þess sem við ÍR-ingar stöndum fyrir Dominosmótinu og að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

Í 5. flokki karla leiðir Sigmann Þórðarson stóran hóp iðkenda. Í 5. flokki er leikið í B-riðli Íslandsmóts, Reykjavíkurmóti auk þess sem farið er á N1-mótið á Akureyri.

Í 4. flokki karla æfir afar öflugur hópur undir stjórn Ómars Sigurðssonar, Þorsteins Sigurðssonar og Dragi Pavlov. Í 4. flokki er leikið í A riðli Íslandsmóts og Reykjavíkurmótum.

Jóhann Ingi Jóhannsson er þjálfari í 3.flokki karla. Keppnisfyrirkomulag í 3.flokki hefur verið breytt þetta árið þar sem að mótinu verður skipt upp í þrjá hluta þar sem sigurvegari þriðju lotu verður krýndur Íslandsmeistari. Okkar strákar hefja leik í C-deildinni en geta unnið sig þaðan upp. Að auki taka þeir þátt í bikarkeppni og Reykjavíkurmóti.

2.flokkur karla leikur í B-riðli Íslandsmóts og verða leiddir í því verkefni nú í sumar af þeim Sigmanni Þórðarsyni og Trausta Birni Ríkharðssyni. Auk þess móts hafa stærstu verkefni flokksins verið í Bikarkeppni og Reykjavíkurmóti og erum við einnig í samstarfi við bróðurfélag okkar, Létti í 2.flokki og hafa nokkrir strákar leikið undir merkjum Léttis líka í 4.deild undanfarin ár og sama verður á næstu árum

Stúlknamegin hefur verið gengið vel í því átaki að fjölga yngstu iðkendum og er nú kominn mjög traustur grunnur í starf yngri iðkenda kvenna megin sem horft er til að byggt verði á til framtíðar. Sumarið 2021 var félagið aftur með 11 manna lið í yngri flokka Íslandsmóti í fyrsta sinna síðan sumarið 2018. Stúlkurnar munu leiða yngri liðin áfram upp KSÍ stigann, enda hópurinn fjölmennur og stelpurnar æft knattspyrnu lengi. Stefnt er að því að taka þátt í Íslandsmóti 3.flokks kvenna sumarið 2023 sem yrði í fyrsta sinn í sögu félagsins sem við ættum keppnislið í þeim flokki í 11 manna bolta ein og óstudd.

Við höfum á undanförnum árum styrkt kvennastarfið með því að fá inn öfluga þjálfara og þar horft til þess að fá líka inn sterka kvenþjálfara. Svo verður áfram.

Gunnar Olgeir Harðarsson tók við 7.flokki kvenna ásamt Jordian Farahani. Í 7.flokki er stóra mótið Greifamótið á Akureyri og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

Kvennastarfið hefur undanfarin ár verið leitt á þann hátt að að þrír þjálfarar sjá um þjálfun 6., 5. og 4.flokks kvenna og bera ábyrgð á verkaskiptingu milli flokkana. Ásdís Erna Viðarsdóttir hefur verið hjá okkur nú um skeið og í sumar verða með henni í teyminu Orri Erlingsson og Katrín Anna Kjartansdóttir og hafa þau sýnt að þau erj frábær viðbót í öflugan hóp, með mikla reynslu að baki og við berum miklar væntingar til samstarfs þeirra þriggja, byrjunin lofar svo sannarlega góðu!

Í 6.flokki eru stóru mótin Króksmót og Símamótið í Kópavogi, að auki fer flokkurinn á mörg minni mót.

5.flokkur kvenna tekur þátt í B-riðli Íslandsmóts en stór verkefni eru líka Pæjumótið í Eyjum og Símamótið í Kópavogi

4.flokkur kvenna leikur í B-riðli Íslandsmótsins. Horft verður til þess hvort mót verða haldin fyrir flokkinn og þá er hugmyndin að stökkva til og verða með í fjörinu.

Auk þessara þjálfara eru í okkar hóp tveir reynsluboltar í viðbót. Ómar Torfason hefur komið að hlaupa- og styrktarþjálfun yngri iðkenda, margreyndur þjálfari eftir að hafa átt farsælan feril sem atvinnu- og landsliðsmaður. Í haust kom til liðs við okkur heimalingurinn Eyjólfur Héðinsson og hefur hann komið inn í afreksþjálfun hjá deildinni og stýrt aukamorgunæfingum við góðan orðstír.

Allt þetta starf hefur verið leitt af yfirþjálfara yngri flokka, Arnari Stein Einarssyni. Hann heldur utan um heildarstarfið, markmiðasetningu auk þess að hafa leitt verkefni sem ætlað er að styrkja þjálfun krakkanna enn frekar. Töluvert rót hefur verið á starfi yfirþjálfara frá vori 2021 en við lok árs var hann ráðinn sem yfirþjálfari deildarinnar og berum við miklar væntingar til hans. Arnar hefur líka leitt verkefni með stjórn og Barna- og unglingaráði þar sem unnið er að framtíðarsýn og heildarstefnumörkun fyrir knattspyrnudeildina.

Aðstaða

Frá hausti 2020 höfum við haft nýtt íþróttahús til afnota, fjölnotahús á ÍR-svæðinu. Það býður upp á marga möguleika þó við auðvitað viðurkennum það að okkar ósk væri að fá fleiri tíma þar úthlutað og að því er stefnt, enda mikil vöntun á æfingaaðstöðu. Við erum hægt og rólega að læra inn á húsið okkar og þann gríðarlega aðstöðumun sem það er að veita okkur

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla tók þátt C-deild Íslandsmótsins sumarið 2021. Arnar Hallsson var ráðinn þjálfari liðsins í október 2020 og var honum falið að taka næstu skref í átt að

sjálfbærni félagsins á þann hátt að styrkja okkar ungu leikmenn og líka finna hæfileikaríka leikmenn til að styrkja liðið til lengri tíma. Töluverð röskun varð í undirbúningi liðsins líkt og annarra veturinn og vorið þegar allar æfingar voru reglulega bannaðar vegna Covid-farsóttarinnar. Íslandsmótið fór þó af stað eftir að bæði Reykjavíkurmót og Lengjubikar höfðu laskast. Liðið hóf mótið vel en um mitt sumar töpuðust mikilvægir leikir. Á ný kom góð hrina úrslita en afdrifaríkt tap austur á fjörðum varð til þess að ljóst var að ekki færum við upp úr deildinni. Á þeim tíma var liðið enn í bikarkeppni eftir frábæran leiðangur þar sem við slógum út B-deildarlið ÍBV og Fjölnis. Þá var aðeins dregið úr áherslu á deildarleikjum til að undirbúa liðið undir 8 liða úrslitaleik við efstudeildarlið Akraness. Sá leikur var hápunktur sumarsins, þar sem nokkur hundruð áhorfendur sá okkur taka forystu snemma leiks og Akurnesinga jafna undir lok hálfleiksins. Heilmikil barátta var út leikinn sem lauk með 1-3 sigri Skagamann. Þá var að klára Íslandsmótið og þar varð endirinna að við lentum í 8.sæti í gríðarlega jafnri deild.

Stefnan í meistaraflokki karla er skýr. Til framtíðar er það stefna ÍR að vera stöðugt lið í næstefstu deild sem berst um það að keppa um sæti í þeirra efstu auk þess sem það á að verða vettvangur þeirra afreksmanna sem alast upp innan raða félagsins og góður íverustaður leikmanna með metnað sem hafa alist upp í öðrum félögum. Til styttri tíma litið þá eru markmið félagsins að ná sæti í næstefstu deild hið fyrsta og hefur þjálfarateymið sett það markmið fyrir sumarið 2022. Langtímamarkmiðið er hins vegar aldrei of oft kveðið, það er að liðið nái árangri á „sjálfbæran hátt“ með kjarna leikmanna sem farið hafa í gegnum yngri flokka starf félagsins. Við erum að fá upp marga öfluga leikmenn úr því starfi og á árinu voru þrír leikmenn verið valdir í yngri landslið. Það er til marks um þann metnað sem félagið hefur lagt í þjálfun undanfarin ár og svo sannarlega markmið til framtíðar einnig að fjölga í þeim hópi jafnhliða árangri liðsins inni á vellinum.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna féll niður í 2.deild eftir leiktímabilið 2019 og hefur leikið í 2.deild síðan þá. Á síðustu árum hefur tekist að manna liðið stúlkum sem eru tilbúnar að leggja sig fram fyrir félagið og var ákveðið að taka upp nákvæmlega sama samningsform í báðum meistaraflokkum félaganna og styrkja umgjörð leikmannahóps stelpnanna. Fyrirkomulag Íslandsmótsins sumarið 2021 var einfaldlega KSÍ til vansa. Ákveðið var að í 13 liða deild yrði leikin einföld umferð með fjögurra liða úrslitakeppni. Við ætluðum okkur svo sannarlega að fara í þá keppni og vorum allt sumarið á jaðri þeirrar keppni. Við fengum erfið verkefni og lékum við þrjú af þeim fjórum liðum sem fóru í úrslitakeppni á þeirra heimavelli og varð það afdrifaríkt. Við enduðum að lokum í 6.sæti deildarinnar undir stjórn Engilberts Friðfinnssonar, Margrétar Sveinsdóttur og Helgu Dagnýjar Bjarnadóttur.

Það horfir klárlega í rétta átt hjá kvennaliðinu sem bætti sig milli ára og eru stöðugt að styrkjast í baráttunni. Nú styttist mjög í að við förum að fá stelpur upp í flokkinn úr yngri flokka starfi félagsins og jafnframt því að styrkja leikmannahópinn höfum við jafnt og þétt bætt við hóp þeirra sem standa að starfi félagsins.

Markmið kvennaliðsins eru þau nákvæmlega sömu og karlanna. Stelpurnar hafa alla möguleika á því að vinna sig hratt upp töfluna í 2.deild miðað við þá vinnu sem þær hafa lagt á sig í vetur og þá eiginleika sem við greindum í mótinu 2022. Breytingar urðu í þjálfarateyminu þegar að Þorleifur Óskarsson sem við ÍR-ingar þekkjum frá fyrri tíð af öllu góðu og á sama hátt erum við að ná inn í leikmannahóp stúlknanna reynslumiklum leikmönnum til að styðja vel við starfið okkar.

Samantekt

Ef horft er yfir starf félagsins er ákveðinn mótbyr hjá meistaraflokkum félagsins sem báðir keppa nú í C-deild. Hugur okkar er að nú séum við komin á þann stað að fara hratt upp á við þar sem að grunnurinn í félaginu er mun betri en á síðustu árum og leikmenn hafa öðlast dýrmæta reynslu. Mikill metnaður er í þjálfarateymum meistaraflokka og mikil vinna verið lögð upp á síðustu mánuðum sem miðar að þeim árangri.

Árangur yngri flokkanna sumarið 2021 var með ágætum og markmiðin um að styrkja þjálfunarumgjörð á góðri leið jafnhliða því að stöðugt fleiri flokkar eru að keppa í sterkustu riðlum Íslandsmótsins sem skiptir auðvitað miklu máli þegar kemur að taktískum undirbúning. Sérstaklega má nefna árangur 4.flokks karla sem að voru hársbreidd frá því að koma sér í 4ra liða úrslit Íslandsmóts eftir frábært fótboltasumar. Foreldraráð eru í hverjum flokki fyrir sig og ber að þakka þau störf af heilum hug. Þar fer fram hjartsláttur hvers flokks sem skilar miklu inn í starfið almennt og leiðir verkefni hvers aldursskeiðs vel. Með auknum leikjafjölda félagsins hefur dómaraverkefnum fjölgað mjög og á liðnum árum hafa verið haldin regluleg dómaranámskeið til að bregðast við því. Þar má þó endalaust gera betur og með því draga úr álagi á þann hóp dómara sem vinna hjá félaginu. Það er ekki alltaf þakklátt starf að vera dómari og mjög mikilvægt að kröftuglega sé staðið á bak við þá einstaklinga sem þeim störfum sinna

Á árinu 2021 hefur verið unnið áfram að enduruppbyggingu rekstrarþátta. Þrátt fyrir að rekstur meistaraflokkanna á árinu 2021 hafi verið í algeru lágmarki ef litið er til samkeppnisaðila félagsins þá er ljóst að það fylgir töluverður kostnaður rekstri meistaraflokka. Á undanförnum árum hefur verulega dregið úr styrkjum frá fyrirtækjum í formi auglýsinga og er nú svo komið að einungis lítill hluti tekna deildarinnar koma frá þeim aðilum og við því er bara hægt að bregðast á einn veg, finna aðrar fjáraflanir í þeirra stað

Covid faraldurinn hafði mikil áhrif á innkomu tengdum aðgangseyri og tengdum verkefnum auk þess sem samdráttur á hinum almenna markaði allt að því lokaði á alla styrki þaðan frá. Það sem hefur fleytt okkur í gegnum ástandið voru aðgerðir stjórnvalda og KSÍ og ótrúlega gott að íþróttin hafi fengið öflugt innslag þeirra bakhjarla. Auk þess höfum við náð að styrkja ramma í kringum meistaraflokksliðin, verulega bættist í hóp þeirra sem komu á leikina okkar og þegar leið á sumarið tókst að sækja fleiri styrktaraðila sem við vinnum alltaf að því að fjölga.

Deildin hefur áfram unnið endurskipulagningu og reksturinn á árinu 2021 var innan þess ramma sem við lögðum upp með og afkoman því á ágætis róli þó ljóst sé að veltan sé að dragast verulega saman. Það er umhverfið sem við þurfum að lifa í og miðast áætlanir við þá raunstöðu. Við ætlum að ná árangri á réttum rekstrarlegum forsendum og læra af alls konar hlutum í okkar fortíð sem hafa komið illa fyrir okkur inn á milli. Við höfum alla trú á því verki!

Sumarið 2021 var tekin ákvörðun um að leika heimaleiki félagsins á gervigrasvelli félagsins þar sem að grasvöllur okkar var verulega laskaður. Fara þurfti í framkvæmdir til að uppfylla kröfur til leikvallarins sem tókst með dyggilegri aðstoð sjálfboðaliða sem leiddir voru af okkar frábæra Kristni vallarverði. Ofan á þá umgjörð verður byggt á næstu árum þar til varanlega lausn verður tilbúin, gervigrasvöllur með stúkubyggingu sem mun duga okkur alla leið í efstu deildir. Í nóvember 2021 var skrifað undir nýjan samstarfssamning við JAKO sem mun styrkja félagið næstu fjögur ár um keppnisbúnað. Töluverðar breytingar voru á samningnum frá þeim fyrri, knattspyrnudeildinni í hag og erum við á algerlega nýjum slóðum þegar kemur að búnaði fyrir meistaraflokksliðin okkar.

Félagslega þurfum við að horfa til þess að knattspyrnudeild ÍR sé heildarmynd en ekki samsett í hlutum. Yngri flokka starf og starfsemi meistaraflokka þarf að vinna saman, það styrkir starf hvors arms fyrir sig. Stilla þarf saman strengi og horfa til þess að með því verður félagið mun líklegra til frekari afreka

Á liðnum árum höfum við unnið eftir meginlínum hjá deildinni.

- Standa vörð um þann árangur sem náðst hefur í iðkendafjölda og árangri yngri flokka hjá félaginu og byggja enn frekar þar ofan á
- Styrkja þarf fjárhagsgrundvöll meistaraflokka félagsins og laga skuldastöðu.
- Horfa til þess að meistaraflokkar félagsins verði sýnilegir afreksíþróttaflokkar.
- Fjölga höndum til verka fyrir félagið og styrkja sameiginlegan vettvang.

Lokaorð formanns

Það er mat formanns að mörgu leyti hafi vel heppnast og sterkar vísbendingar eru að raðirnar séu að þéttast og allar leiðir liggi uppávið.

Stjórn knattspyrnudeildar stendur einhuga áfram og mun leggja allt sitt í að ná þeim markmiðum sem hafa verið reifuð hér. Við erum mjög stolt af okkar þjálfarahópi og þeirri alúð og þeim metnaði sem við greinum hjá þeim. Á því getum við byggt og styrkt félag sem er hægt og rólega að fá þá aðstöðu sem stærð þess og #hvítbláahjartað ber að hafa. Öllu máli skiptir að allir kraftar togi í sömu átt og vinni að því verki í samvinnu við borgaryfirvöld og KSÍ að sá stallur verði hjá félaginu fyrr en síða.

Að því sögðu eru ítrekaðar þakkir til allra þeirra sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar frá aðalfundi 2021. ÍR mun alltaf standa og falla með þeim hópi sjálfboðaliða sem eru reiðubúnir að berjast fyrir framgangi félagsins og síðan þeim hópi þjálfara og iðkenda sem bera merki félagsins á æfingum og í keppnum á þess vegum.

ÍR á fjölmörg tækifæri og möguleikarnir eru endalausir…..ef við saman berum til þess gæfu að styrkja alla okkar þætti þá er ekkert sem við eigum að hræðast!

Áfram ÍR!!!

Magnús Þór Jónsson, formaður knattspyrnudeildar

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD ÍR

ÁRSSKÝRSLA 2021 – 2022

SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórn Körfuknattleiksdeildar ÍR á tímabilinu 2021-2022 var þannig skipuð: Formaður Steinar Þór Guðjónsson, varaformaður Guðmundur Óli Björgvinsson, Magnús Már Vignisson, gjaldkeri, Birgir Lúðvíksson, Elvar Guðmundsson, Pétur Hólmsteinsson og Kristján Pétur Andrésson.

Fjáröflunarráð skipuðu:
Herbert Arnarson, Hjálmar Sigurþórsson, Hilmar Sigurjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Gísli Hallsson, Sveinbjörn Claessen og Guðmundur Óli Björgvinsson.

Unglingaráð skipuðu:
Davíð Wiium, formaður, Davíð Bjarnason, Þorsteinn Ingi Garðarson og Sigurður Gíslason.

Kvennaráð skipuðu:
Fríða Torfadóttir formaður, Fjóla Lýðsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Karen Sigurðardóttir, Kristján Pétur Andrésson og Kolfinna Birgisdóttir.

STARFSEMIN:

Stjórnin hittist annað slagið á fundum þegar þurfa þótti en að öðru leyti fóru samskipti stjórnar fram í gegnum síma, tölvupósta osfrv.

BÚNINGAMÁL:

KKD ÍR spilaði undir merkjum Jako en samningur ÍR og Jako var endurnýjaður á tímabilinu. Samningurinn nær til allra deilda félagsins. Jako sér einnig um sölu á öllum keppnisbúningum til yngri flokka félagsins.

FJÁRMÁL:

